


SAMORKA

20  
18

ÁRSSKÝRSLA



## ÁRSSKÝRSLA SAMORKU 2018

### ÁBYRGÐ

Lovísa Árnadóttir

### HÖNNUN OG UMBROT

Jökulá ehf.

### PRENTUN:

Prentsmiðjan Litróf ehf.

Útgefið af Samorku í mars 2019

Rit þetta má afrita án þess að leita samþykkis en vinsamlega getið heimildar. Rafræna útgáfu ritsins má nálgast á vefsíðu Samorku

### UM SAMORKU

Samorka eru samtök orku- og veitufyrirtækja á Íslandi

### SAMORKA

Borgartúni 35, 105 Reykjavík

SÍMI: 588 4430

NETFANG: [samorka@samorka.is](mailto:samorka@samorka.is)

VEFSÍÐA: [www.samorka.is](http://www.samorka.is)

ÁRSSKÝRSLA  
2018

**SAMORKA**



# EFNISYFIRLIT

---

## 01

---

Starfsárið í hnotskurn 06

## 02

---

Stjórn Samorku 08

Starfsfólk 09

## 03

---

Aðildarfélagar / Aukafélagar 11

## 04

---

Kynningarmál 15

## 05

---

Viðburðir 18

## 06

---

Innra starf 34

## 07


---

Málsvari 44

## 08

---

Ársreikningur ársins 2018 56



# STARFSÁRIÐ Í HNOTSKURN

Starf stjórnar og starfsfólks Samorku hefur samfara öðrum verkum snúist um innleiðingu stefnumótunar Samorku. Stefnumótunin var metnaðarfull og því mikil áskorun að fylgja henni eftir til framkvæmda.

Einn stór þáttur starfsins á árinu var stofnun Ráðgjafaráðs veitufyrirtækja en fyrir var ráðgjafaráð orkufyrirtækja. Ráðgjafaráð veitufyrirtækja hefur sýnt sig að vera metnaðarfullur samráðsvettvangur veitufyrirtækja sem leggur sitt á vogaskálir þess að gera starf Samorku breiðara og betra.

Breytilegt umhverfi hefur kallað á stofnun nýrra verkefna og vinnuhópa í takt við málefni sem efst eru á baugi á hverjum tíma. Þannig hefur starfið mótast mjög af líðandi stundu. Mikilvægi þessara hópa og ráða fyrir Samorku og aðildarfélög mátti glögg sjá á desemberfundi samtakanna, þar sem yfirgripsmikið starf þeirra var kynnt. Alls eiga 175 fulltrúar frá aðildarfyrirtækjum sæti í ráðum og hópum Samorku, sem eru 27 talsins, og að meðaltali er haldinn einn fundur á hverjum degi. Svo viðtækt starf er einsdæmi sé litið til sambærrilegra samtaka.

Stjórn Samorku hefur stór og mikilvæg mál á sjóndeildarhringnum. Má þar til dæmis nefna rammaáætlun, vatnsvernd, hreinsun fráveituvatns, miðhálendisþjóðgarð, flutningskerfi rafmagns, mat á umhverfisáhrifum og margt fleira. Orkustefna er eitt stærstu málanna á þessum

sjóndeildarhring. Mikið starf hefur verið unnið með starfshóp stjórnvalda sem vinnur að gerð orkustefnu fyrir Ísland. Þar hefur Samorka, með Orkustefnuhóp Samorku, talað fyrir skýrri og gagnsæri orkustefnu sem markar framtíðarspor og stefnu Íslands næsta áratuginn.

Málsvarahlutverkið er eitt af meginstöðum í starfsemi Samorku. Á liðnu ári gerði Samorka um 100 umsagnir við ýmis mál sem upp komu, sérstaklega gegnum samráðsgátt stjórnvalda. Þessi góði árangur sýnir að Samorka hefur tekið hitann og þungann af aðildarfyrirtækjunum sem treysta orðið á að Samorka, með sinni fagþekkingu og stuðningi frá hinum ýmsu vinnuhópum, nái að upplýsa stjórnsýsluna um sjónarmið orku- og veitugeirans.

Samorka hefur átt góð og aukin samskipti við starfsfólk stofnana og ráðuneyta á starfsárinu og átt þess kost að fara yfir áherslumál sín með ráðherrum þeirra málaflokka sem snerta málsvarahlutverk samtakanna. Á sama hátt hefur Samorka haft tækifæri til að kynna þingflokkum áherslumál orku- og veitugeirans með það að markmiði að dýpka umræðuna og upplýsa. Áhersla Samorku er sem fyrr að fá að koma sem fyrst að málum, þannig að þau verði skoðuð út frá ólíkum hagsmunum og mismunandi sjónarmiðum. Við teljum að traust stjórnsýslunnar til Samorku hafi aukist enda höfum við lagt upp úr því að vera hófsöm og heiðarleg í okkar málflutningi.

Inna starfið var sem fyrr öflugt á árinu og mátti m.a. sjá það á glæsilegu Fagþingi hita-, vatns- og fráveitna í Hveragerði í maí. Þar var sú nýbreytni að í tengslum við þingið var haldinn framkvæmda- og tæknidagur ásamt þrautakeppni milli aðildarfyrirtækja. Góður rómur var gerður að þessari nýjung og ekki síst því að hluti fagþingsins var sérstaklega ætlaður breiðari hópi starfsfólks en áður hefur verið.

Kynningarstarfið er í stöðugri sókn og á árinu voru haldnir fjölmargir viðburðir á vegum Samorku og/eða í samvinnu við aðra, sem og námskeið og fræðslufundir. Öflugt starfsfólk aðildarfélaga hefur lagt vog á lóðarskálarnar og talað máli orku- og veitugeirans á þessum viðburðum sem styrkir ímynd okkar fyrirtækja út á við og ekki síst sýna umfjöllunarefnið hversu fjölbreytt starfsemi okkar er. Aðsókn að viðburðum Samorku eykst stöðugt og stefnt er hiklaust að því að halda þeirri þróun áfram.

Mikilvægt er að Samorka, fyrir hönd aðildarfyrirtækja sinna, verði á hverjum tíma virkur og öflugur þátttakandi í umræðu um málefni orku- veitufyrirtækja sem eru um margt tímalaus. Meginmarkmiðið er að uppfylla þarfir Íslendinga á hverjum tíma fyrir rafmagn og dreifingu þess, fyrir hreint neysluvatn, fyrir heitt vatn og fyrir fráveitur, á ábyrgan og umhverfisvænan hátt. Mikilvægt er að stjórnvöld skapi orku- og veitufyrirtækjunum skýra og gegnsæja umgjörð til að sinna þessum meginmarkmiðum

til framtíðar. Í alþjóðlegu samhengi verða orku- og veitufyrirtæki verða áfram í lykilhlutverki í þeim áskorunum sem íslenskt samfélag stendur frammi fyrir í þeim skuldbindingum sem stjórnvöld hafa skrifað undir í baráttunni gegn loftslagsbreytingum í heiminum.

Við þökkum öllum aðildarfélögum Samorku fyrir samstarfið á árinu 2018 og þeim fjölmörgu sem lagt hafa hönd á plóginn í starfinu.





# STJÓRN SAMORKU



**Helgi Jóhannesson**  
FORMADUR



**Guðrún Erla Jónsdóttir**  
VARAFORMADUR



**Guðmundur Ingi Ásmundsson**  
RITARI



**Jóhanna B. Hansen**  
GJALDKERI



**Ásgeir Margeirsson**  
MEDSTJÓRNANDI



**Inga Dóra Hrólfsdóttir**  
MEDSTJÓRNANDI



**Ragna Árnadóttir**  
MEDSTJÓRNANDI

# STARFSFÓLK



**Páll Erland**  
FRAMKVEMDASTJÓRI



**Baldur Dýrfjörð**  
SAMVINNA VIÐ STJÓRNVÖLD  
OG HAGADILA




**Lovísa Árnadóttir**  
KYNNINGARMÁL



**Sigurlilja Albertsdóttir**  
GREININGAR OG HAGTÖLUR



**Sigurjón N. Kjærnested**  
ÞEKKINGARMIDLUN OG  
INNRA STARF







Samorka eru samtök orku- og veitufyrirtækja á Íslandi. Aðildarfyrirtæki eru um 50 talsins og hafa starfsstöðvar vítt og breitt um landið.

Stefna Samorku: Þekking og trúverðugleiki, öflugt innra starf og miðlun þekkingar og reynslu, gagnkvæmt traust og virkni í samstarfi við stjórnvöld.

Hlutverk: Að starfrækja trúverðugan, fræðandi og jákvæðan vettvang um starfsemi og hagsmuni orku- og veitufyrirtækja og styrkja þannig stöðu þeirra og rekstur.

Framtíðarsýn: Að samtökin séu áhrifaríkur málsvari orku- og veitugeirans sem njóti trausts almennings og stjórnvalda sem leiði til farsællar þróunar orku- og veitumála.

# AÐILDARFÉLAGAR

- Bláskógabyggð ● Fallorka ● Fjarðabyggð ● Fráveita Hafnarfjarðar ● Fráveita Reykjanesbæjar
- Hita-, vatns- og fráveita Dalvíkur ● Hita-, vatns- og fráveita Húnaþings vestra ● Hita-, vatns- og fráveita Mosfellsbæjar
- Hitaveita Egilsstaða og Fella ● Hitaveita Flúða og nágrennis ● Hitaveita Grímsnes- og Grafningshrepps ● Hitaveita Seltjarnarness ● Hitaveitufélag
- Gnúpverjahrepps ● Hornafjarðarveitur ● HS Orka ● HS Veitur ● Kjósarveitur ● Landsnet
- Landsvirkjun ● Múlavirkjun ● Norðurorka ● Orka náttúrunnar ● Orkubú Vestfjarða ● Orkusalan
- Orkuveita Húsavíkur ● Orkuveita Reykjavíkur ● Rafveita Reyðarfjarðar ● RARIK ● Selfosveitur
- Skagafjarðarveitur ● Vatns- og fráveita Árborgar ● Vatns- og fráveita Fjallabyggðar
- Vatns- og fráveita Hveragerðis ● Vatns- og fráveita Kópavogs
- Vatns- og fráveita Seyðisfjarðarkaupstaðar ● Vatns- og fráveita Skagastrandar
- Vatns- og fráveita Þórshafnarhrepps ● Vatnsveita Blönduóss
- Vatnsveita Garðabæjar ● Vatnsveita Grindavíkur ● Vatnsveita Hafnarfjarðar
- Vatnsveita Ísafjarðar ● Vatnsveita Rangárbings eystra ● Vatnsveita Seltjarnarness
- Vatnsveita Þorlákshafnar ● Veitur ● Veitustofnun Skútustaðahrepps

## AUKAFÉLAGAR

- Alcan á Íslandi ● Alcoa Fjarðaál ● Arctic Hydro
- Efla hf ● Íslensk orkumiðlun
- ÍSOR ● Vesturverk
- Mannvirkjastofnun, rafmagnsöryggisvið
- Mannvit ● Netorka ● Norðurál
- Orkustofnun ● Verkís



# MEGINVERKEFNI

## KYNNINGARMÁL Söfnun, greining og miðlun upplýsinga

- Fylgjast með og leitast við að tryggja að opinberar upplýsingar séu viðeigandi og tímanlegar
- Safna upplýsingum og miðla eftir því sem það er mögulegt
- Stunda og stuðla að greiningum og rannsóknum sem halda á lofti þjóðhagslegum ávinningi og almennum lífsgæðum

## FÉLAGSSTARF Innra starf og miðlun reynslu og þekkingar

- Stuðla að innri tengslum og samkennd meðal starfsmanna aðildarfyrirtækja
- Miðla „best practice“ og þekkingu meðal félagsmanna og út á við eftir því sem er viðeigandi
- Virkja starfsmenn aðildarfyrirtækja til þess að fjalla um stefnumótandi mál á borði samtakanna hverju sinni
- Leita leiða til þess að auka samstarf með nýjustu tækni

## MÁL SVARI Traustur og virtur samstarfsaðili stjórnvalda

- Frumkvæði að samskiptum við stjórnvöld að því er varðar laga- og reglugerðar-umhverfi
- Leiðandi umsagnaraðili um opinbera stefnumótun
- Jákvæð samvinna og nálgun varðandi umræðu um álitamál sem varða greinina

# SAMORKA





# FAGLEGT STARF Í FAGRÁÐUM OG HÓPUM

## RÁÐGJAFARÁÐ

Ráðgjafaráð orkufyrirtæka

Ráðgjafaráð veitufyrirtækja

## FAGRÁÐ

Fráveitufagráð

Hitaveitufagráð

Rafveitufagráð

Vatnsveitufagráð

Umhverfisráð

Öryggisráð

## FAGHÓPAR

Gæða- og skjalastjórahópur

Innkaupastjórahópur

Mannauðshópur

Faghópur um samskiptamál

Faghópur um verkefnastjórnun

Greiningahópur

Laga- og reglugerðarhópur

Spennahópur

Fjármálastjórahópur

## MÁLEFNAHÓPAR

Snjallmælahópur

Orkuskiptahópur

Vindorkuhópur

## VERKEFNAHÓPAR

Vinnuhópur um úrbætur á regluverki framkvæmda

Vinnuhópur um skattlagningu orkumannvirkja


Loftslagshópur

Miðhálandishópur

Netöryggishópur

Persónuverndarhópur

Orkustefnuhópur



# KYNNINGARMÁL

## GREININGAR

Greiningar eru mikilvægur hluti af starfi Samorku. Þær geta stutt við stefnumótun samtakanna og orðið að gagni við stefnumótun stjórnvalda í mikilvægum málum. Þá geta þær einnig dýpkað skilning á viðfangsefnum og styrkt skilaboð á opnum fundum til almennings og fjölmiðla.

## FRAMLAG ORKU- OG VEITUFYR-IRTÆKJA TIL LOFTSLAGSMÁLA

Jón Skafti Gestsson, orku- og umhverfishagfræðingur, gerði greiningu fyrir ársfund Samorku sem haldinn var á Hilton Reykjavík Nordica þann 6. mars. Þar greindi hann fjárfestingar í rafmagns- og hitaveitum á árunum 1960-1990 og hvert hlutfall þeirra var af landsframleiðslu á þeim tíma. Greining Jóns Skafta leiddi í ljós að fjárfesting í raf- og hitaveitum var umtalsvert meiri en hið opinbera fjárfesti í vegum og brúm yfir sama tímabil. Uppbyggingin í raf- og hitaveitum hefur verið ákaflega mikilvægt framlag til loftslagsmála hér á landi því með hitaveitum og endurnýjanlegri framleiðslu rafmagns í stað olíu hafa sparast 388 milljón tonn af útblæstri gróðurhúsalofttegunda. Tölurnar voru nýttar í erindi Samorku á ársfundinum um framlag orku- og veitufyrirtækja til loftslagsmála.

## SAMANBURÐUR Á NEYSLUÚT-GJÖLDUM HEIMILA

Samorka hélt áfram að bera saman verð fyrir orku- og veitubjónustu heimila í höfuðborgum Norðurlandanna á árinu 2018 og uppfærði samanburð á verði fyrir rafmagn, heitt vatn, kalt vatn og fráveitu. Í ár var gerð sú nýjung að bera saman hlutfall orku- og veitubjónustu af neysluútgjöldum heimila og leiddi sá samanburður í ljós að íslensk heimili greiða langlægsta hlutfallið á Norðurlöndunum fyrir þessa mikilvægu bjónustu, eða aðeins 3,75%. Heimili í Danmörku greiðir rúmlega þrefalt hærra hlutfall en hér á landi, eða 12%. Allar þessar greiningar má sjá á heimasíðu Samorku.

## RAFBIÐLAVÆÐING ER HAGKVÆM


Á árinu lauk rannsókn Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík fyrir Samorku, orku- og veitufyrirtækin, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Grænu orkuna, Íslenska NýOrku og Orkusetun um þjóðhagslega hagkvæmni rafbílavæðingar á Íslandi. Sérfræðingar háskólanna smíðuðu líkan sem mat áhrif af beitingu mismunandi hagrænna hvata stjórnvalda, s.s. ívilnunum, sköttum og gjöldum. Helstu niðurstöður voru þær að rafbílavæðing er þjóðhagslega hagkvæm, fjárhagslega jákvæð fyrir neytendur, jákvæð með tilliti til loftslagsmála og rétt er staðið er að málum



# MÁLEFNAÁHERSLUR SAMORKU

Stjórn Samorku samþykkti á árinu nýjar málefnaáherslur fyrir samtökin næstu misserin. Viðfangsefni hjá fjölbreyttum aðildarfyrirtækjum eru mörg og er áherslunum ætlað að gera starf Samorku enn markvissara.

## BÆTT UPPLÝSINGAGJÖF TIL ALMENNINGS AUKIÐ TRAUST TIL ORKU- OG VEITUGEIRANS



kostnaðarhlutlaus fyrir ríkið. Niðurstöðurnar voru kynntar á opnum fundi í byrjun nóvember.

## NÝ RANNSÓKN UM HLEÐSLU RAFBÍLA

Tvö hundruð eigendum raf- og tengiltvinnbíla var boðin þátttaka í nýrri rannsókn á vegum Samorku, með það að markmiði að afla upplýsinga um áhrif rafbíla á raforku-kerfið, hvernig fyrirkomulagi á hleðslu þeirra er háttað og þar með á ákvarðanir um uppbyggingu innviða fyrir orkuskipti í samgöngum. Rannsóknin er unnin í samvinnu við kanadíska fyrirtækið FleetCarma. Raf- og tengiltvinnbílarnir í rannsókninni eru af mismunandi tegundum, ýmist í eigu einstaklinga eða fyrirtækja, eru á mismunandi svæðum á landinu og eru hlaðnir ýmist við einbýli, fjölbýli, hraðhleðslustöðvar eða vinnustaði. Með þessum hætti fást niðurstöður um hvort þarfir þessara hópa séu ólíkar og kröfur til uppbyggingar innviða þar með. Sett var upp mælitæki í bílunum með upplýstu samþykki eigenda þeirra og mun kubburinn safna gögnum í 12 mánuði. Gögnin sem Samorka fær í hendur verða með öllu ópersónugreinanlegar, í samræmi við ný persónuverndarlög. Niðurstöður liggja fyrir seint á árinu 2019 og verða þær í framhaldinu kynntar á opinberum vettvangi, sennilega í ársbyrjun 2020.





# VIÐBURÐIR

## ÁRSFUNDUR 2018

Opinn ársfundur Samorku 2018 var haldinn 6. mars á Hilton Reykjavík Nordica og fjallaði um mikilvægt framlag orku- og veitufyrirtækja til loftslagsmála í fortíð, nútíð og framtíð. Þórdís Kolbrún Reykafjörð Gylfadóttir, ráðherra ferðamála, iðnaðar og nýsköpunar, ávarpaði ársfundinn sem og Helgi Jóhannesson, formaður stjórnar Samorku. Inga Dóra Hrólfsdóttir, framkvæmdastjóri Veitna, og Kristín Vala Matthíasdóttir, framkvæmdastjóri auðlinda HS Orku, lýstu hlutverki orku- og veitufyrirtækja í þeim orkuskiptum sem þegar hafa átt sér stað á Íslandi, hverju það hefur skilað í efnahags- og umhverfislegum skilningi og áframhaldandi hlutverk fyrirtækjanna í alþjóðlegum skuldbindingum Íslands í loftslagsmálum. Sigurður Ingi Friðleifsson, framkvæmdastjóri Orkuseturs fjallaði um verkefnið sem heimurinn allur stendur frammi fyrir í loftslagsmálum og þá kynnti Finn Mortensen, framkvæmdastjóri State of Green, aðferðir samtakanna við markaðssetningu grænna lausna og hvernig það hefur aukið verðmæti orku- og veitugeirans þar í landi. Á ársfundinum var sameiginleg yfirlýsing orku- og veitufyrirtækja um kolefnishlutlausu starfsemi fyrir árið 2040 afhent þeim Guðmundi Inga Guðbrandssyni, umhverfis- og auðlindaráðherra, og Þórdísi Kolbrúnu. Af því tilefni sagði Guðmundur Ingi nokkur orð þar sem hann meðal annars óskaði orku- og veitugeiranum til hamingju með þetta markmið. Á fundinum var einnig frumflutt nýtt myndband Samorku um orkuskipti og loftslagsmál.

## AÐAL- OG VORFUNDUR JHFÍ

Lovísa Árnadóttir hjá Samorku var kjörin í stjórn Jarðhitafélags Íslands til tveggja ára á aðalfundi félagsins þann 18. apríl. Í beinu framhaldi af hefðbundnum aðalfundarstörfum hófst vorfundur JHFÍ, þar sem fjallað var um jarðhitatengda ferðapjónustu. Ásta Kristín Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Íslenska ferðaklasans, Guðrún Ólafía Brynleifsdóttir, verkefnastjóri á samskiptasviði Landsvirkjunar, Laufey Sif Lárusdóttur frá brugghúsinu Ölverki og Snæbjörn Sigurðsson, framkvæmdastjóri Eims fluttu erindi. Lovísa Árnadóttir stýrði fundinum.

## ÁRSFUNDUR VAFRÍ

Baldur Dýrfjörð, lögfræðingur Samorku, var kjörinn í stjórn Vatns- og fráveitufélags Íslands til 2 ára á aðalfundi félagsins sem fór fram 2. maí í Háskóla Íslands. Að loknum hefðbundnum aðalfundarstörfum héldu Sigurður Grétar Sigmarsson, verkfræðingur hjá Verkís, og Ragnhildur Gunnarsdóttir, verkfræðingur hjá Eflu, hugvekju um framtíð skólps og ofanvatns á Íslandi.

## ICELAND GEOTHERMAL CONFERENCE 2018

Alþjóðlega jarðhitaráðstefnan Iceland Geothermal Conference var haldin dagana 24.-27. apríl í Hörpu í Reykjavík. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, ávarpaði fundargesti í upphafi og Þórdís Kolbrún Reykafjörð Gylfadóttir, ráðherra ferðamála, iðnaðar og nýsköpunar, hélt lokaávarp. Erindi fluttu um 80 fyrirlesarar frá 40 löndum. Lovísa Árnadóttir, upplýsingafulltrúi Samorku, flutti erindi á ráðstefnunni um efnahagslegan og samfélagslegan ávinning hitaveitunnar á Íslandi ásamt því að sitja í pallborði með öðrum framsögumönnum málstofunnar, meðal annars Paul Voss framkvæmdastjóra EuroHeat and Power og Sigsteini Grétarssyni frá Arctic Green Energy. Páll Erland, framkvæmdastjóri Samorku, sat í framkvæmdaráði ráðstefnunnar.



## SJÁLFBÆR ORKA OG SAMKEPPNISFORSKOT ÍSLANDS

Lovísa Árnadóttir frá Samorku var einn fulltrúa í pallborði á fundinum Sjálfbær orka og samkeppnisforskot Íslands, sem haldinn var á vegum Charge Branding Energy og Íslandsstofu á Icelandair hótel Natura þann 24. apríl. Markmiðið með fundinum var að skapa vettvang fyrir skapandi umræður á milli aðila úr mismunandi atvinnugreinum sem allir eiga það sameiginlegt að geta notið ávinnings af markvissri stefnu í ímyndarmálum Íslands. Erindi fluttu Viggó Jónsson sérfræðingur í mörkun hjá auglýsingastofunni Jónsson & Le'macks, Inga Hlín Pálsdóttir forstöðumaður ferðapjónustu og skapandi greina









hjá Íslandsstofu, Guðmundur Kristjánsson forstjóri Brims og Ragnar Guðmundsson forstjóri Norðuráls.

## STELPUR OG TÆKNI

Samorka tók þátt í verkefninu Stelpur og tækni, sem haldið var í Háskólanum í Reykjavík þann 3. maí. Stelpum í 9. bekkjum grunnskóla var boðið í háskólan og tækni-fyrirtæki þennan dag með það að markmiði að vekja áhuga þeirra á ýmsum möguleikum í tækninámi og störfum, brjóta niður staðalímyndir og sýna þeim fjölbreytileikann sem einkennir tækniiðnaðinn.

## ALÞJÓÐLEG HITAVEITURÁÐSTEFNA Á ÍSLANDI ÁRIÐ 2019

Samorka og Iceland Geothermal, í samstarfi við Meet in Reykjavík og Athygli ráðstefnur, fór fyrir umsókn Íslands um að fá að halda alþjóðlega hitaveituráðstefnu og afhenda loftslagsverðlaun EuroHeat and Power í október 2019. Í apríl lá fyrir að umsóknin hafði verið samþykkt og réði þrennt því að Ísland varð fyrir valinu. Í fyrsta lagi vegna forystu Íslands í nýtingu á endurnýjanlegri orku, í öðru lagi vegna mikils áhuga hér á landi fyrir verðlaununum og í þriðja lagi sé töluvert sem fulltrúar annarra þjóða geti lært af Íslendingum. 2-300 þátttakendur eru væntanlegir til landsins vegna ráðstefnunnar, sem haldin verður dagana 23.-25. október 2019 á Hilton Reykjavík Nordica. Hægt er að skoða helstu umfjöllunarefni ráðstefnunnar og skrá sig til leiks á heimasíðu hennar, sdec.is.

## FAGÞING 2018

Fagþing hita-, vatns- og fráveitna var haldið á Hótel Örk í Hveragerði dagana 23.-25. maí. Metaðsókn var að þinginu. Boðið var upp á metnaðarfulla dagskrá með um 85 fyrirlestrum sem voru ýmist í sameiginlegum málstofum eða um sértækari þætti veitustarfsemi auk þess sem boðið var upp á vinnustofur. Meðal umfjöllunarefna á þinginu var hönnun og rekstur fráveitna, nýting vatnsauðlindarinnar, kolefnishlutleysi veitna, fjölnýting jarðhita, samspil veitursturs og fjölmíðla, eflingu iðnnáms, samskipti á vinnustöðum, loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á veiturstur, öryggi og heilnæmi neysl vatns og margt fleira. Ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála, Sigurður Ingi Jóhannsson, ávarpaði fundargesti, sem og bæjarstjóri Hveragerðisbæjar, Aldís Hafsteinsdóttir. Sérstakur gestur var Tiia Lampola frá Swecon í Finnlandi og kynnti hún nýjar og betri lausnir í ástandsgreiningu fráveitna. Veitudagur Samorku var haldinn í fyrsta sinn á Fagþingi hita-, vatns- og fráveitna. Dagurinn var sérstaklega tileinkaður framkvæmda- og tæknifólki í aðildarfélögum Samorku. Fundargestum var boðið upp á áhugaverða fyrirlestra, þ.m.t. um öryggismál, en svo var skipt í lið og keppt í hinum ýmsu greinum og veitt verðlaun fyrir besta árangur. Selfossvetur fengu verðlaun fyrir besta samlagðan árangur. Dagurinn þótti heppnast vel og stefnt er að því að hann verði fastur liður á Fagþingum Samorku héðan í frá.

Að þessu sinni var einnig boðið upp á vöru- og þjónustusýningu á Fagþingi veitna og tóku alls 19 fyrirtæki þátt. Fulltrúar frá fyrirtækjunum héldu einnig erindi um nýjungar í boði og þjónustu sem þau veita og var sú málstofa









vel sótt. Að venju var hátíðarkvöldverður og skemmtun og lék hljómsveitin Allt í einu fyrir dansi. Fagbing rafmagns 2019 verður haldið dagana 22.-24. maí í Reykjanesbæ.

## FRÆÐSLUFUNDUR UM ÞRIÐJA ORKUPAKKANN

Í ágúst stóð lagadeild HR, ásamt Samorku og ANR, fyrir fræðslufundi um þriðja orkupakka Evrópusambandsins. Á fundinum var fjallað um ýmis þau álitamál sem snert hefur verið á í umræðunni hér á landi og í Noregi, þ.á m. um hlutverk og valdheimildir ACER og áhrif innleiðingar þriðja orkupakkans á stjórnun orkulinda. Baldur Dýrfjörð, lögfræðingur Samorku, hélt erindi um áhrif hans á heimili og fyrirtæki í landinu og var þar í góðum hópi innlendra sem erlendra sérfræðinga.

## SAMEIGINLEGUR FUNDUR ORKUSTOFNUNAR, SAMORKU OG WEC

Niðurstöður skýrslu Alþjóða orkuráðsins, World Energy Issues Monitor, voru kynntar á sameiginlegum fundi Orkustofnunar og Samorku í september. Skýrslan gefur vísbendingar um hvaða málefni séu stjórnendum orku- og veitufyrirtækja í heiminum efst í huga og skilgreinir helstu breytingar, áskoranir og óvissu á sviði orkumála og tengdra greina. Ísland var með í skýrslunni í annað sinn. Einar Kieser, framkvæmdastjóri Evrópudeildar World Energy Council, kynnti niðurstöður skýrslunnar, auk þess sem Baldur Pétursson, verkefnisstjóri fjölbjóðlegra verkefna hjá Orkustofnun og Sigurlilja Albertsdóttir,

hagfræðingur Samorku, rýndu frekar í niðurstöður hjá íslenskum forstjórum og framkvæmdastjórum orku- og veitufyrirtækja. Þar kom fram að helstu áskoranir þeirra væru gengi íslensku krónunnar, netöryggi og möguleikar á öfgafullu veðurfari.

## FJÓRÐA IÐNBYLTINGIN OG STAÐA KYNJANNA

Í október hélt Samorka, ásamt Origo, opinn morgunverðarfund um stöðu kynjanna í orku-, veitu- og upplýsingatækni-geiranum undir yfirskriftinni Fjórða iðnbyltingin: Aftur til fortíðar? Lagt var upp með þá spurningu hvort fjórða iðnbyltingin gæti gert það að verkum að kynjahlutföll innan þessara atvinnugeira haldist ójöfn því tæknistörf væru að mestum hluta unnin af karlmönnum í dag og konum fjölgandi ekki nógu hratt í iðn- og tækninámi. Frummælendur fundarins voru sammála um að fjórða iðnbyltingin myndi ekki bara þurrka út störf, heldur einnig skapa mörg ný í orku-, veitu- og upplýsingatækniyrirtækjum sem gætu höfðað betur til kvenna og tækifærin væru fjölmörg fyrir konur. Erindi fluttu Snæbjörn Ingólfsson, viðskiptastjóri hjá Origo, Erla Björg Guðmundsdóttir, mannauðsstjóri Norð-urorku og Hildur Ingvarsdóttir, skólameistari Tækniskólans. Í pallborðsumræðum voru Ásgeir Margeirsson, forstjóri HS Orku, Elín Gränz, stjórnarmaður í Vertonet – samtök-um kvenna í upplýsingatækni, Hildur Katrín Rafnsdóttir, stjórnarmaður í FNS – félagi náms- og starfsráðgjafa og Íris Baldursdóttir, framkvæmdastjóri hjá Landsneti og stjórnarmaður í Konum í orkumálum. Lovísa Árnadóttir, upplýsingafulltrúi Samorku, stýrði fundinum.

## UMHVERFISDAGUR ATVINNULÍFSINS

Umhverfisdagur atvinnulífsins er árlegur viðburður en að honum standa Samtök atvinnulífsins, Samorka, Samtök ferðaþjónustunnar, Samtök fjármálafyrirtækja, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtök iðnaðarins og Samtök verslunar og þjónustu. Umhverfisdagurinn var haldinn þann 17. október í Norðurljósum í Hörpu og var skipt í sameiginlega dagskrá og svo í málstofur, annars vegar um alþjóðaviðskipti og loftslagsmál og hins vegar um grænar lausnir atvinnulífsins. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, afhenti Toyota umhverfisverðlaun ársins við hátíðlega athöfn og Skinney-Þinganesi viðurkenningu fyrir framtak ársins á sviði umhverfismála. Í dómnefnd sátu Ragna Sara Jónsdóttir sem jafnframt var formaður dómnefndar, Bryndís Skúladóttir efnaverkfræðingur og Þorsteinn Ingi Sigfússon forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Fundarstjóri Umhverfis dags atvinnulífsins var Lovísa Árnadóttir, upplýsingafulltrúi Samorku og sat hún einnig í undirbúningshópi SA fyrir viðburðinn .

## ÞJÓÐHAGSLEG HAGKVÆMNI RAFBÍLAVÆÐINGAR

Niðurstöður rannsóknar um þjóðhagslega hagkvæmni rafbílavæðingar voru kynntar á morgunverðarfundum í Norræna húsinu í byrjun nóvember. Fundurinn var mjög vel sóttur og var fjallað um niðurstöður skýrslunnar í fjölmörgum fjölmiðlum. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að rafbílavæðing er hagkvæm, hefur jákvæð fjárhagsleg áhrif á neytendur og skilar miklum samdrætti í losun

gróðurhúsalofttegunda. Niðurstöður kynntu þau Brynhildur Davíðsdóttir, Eyjólfur Ingi Ásgeirsson og Hlynur Stefánsson, sem unnu að greiningunni hjá HÍ og HR. Auður Nanna Baldvinsdóttir, stjórnarformaður Grænu orkunnar, Berglind Rán Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri ON og Sigurður Páll Ólafsson frá skrifstofu efnahagsmála sátu í pallborði. Þá kynnti Páll Erland, framkvæmdastjóri Samorku, fyrirhugaða rannsókn á hleðslu rafbíla. Lovísa Árnadóttir hjá Samorku stýrði fundinum.







## FRUMKVÖÐLAR Í JARÐHITA: BALDUR LÍNDAL 100 ÁRA

Aðventufundur Jarðhitafélags Íslands var haldinn 29. nóvember í Húsi atvinnulífsins. Fundurinn var tileinkaður Baldri Líndal, sem hefði orðið 100 ára árið 2018, og frumkvöðlastarfi hans. Á dagskrá voru margvísleg erindi tengd nýsköpun í jarðhita. Lovísa Árnadóttir hjá Samorku stýrði fundinum.

## DESEMBERFUNDUR

Árlegur desemberfundur Samorku var haldinn þann 6. desember á Icelandair hótel Natura. Að þessu sinni var umfjöllunarefnið það öfluga starf sem unnið er í ráðum og hópum innan Samorku og mikilvægi þess fyrir samtökin og aðildarfélögin. Fulltrúar frá 12 ráðum og hópum kynntu það sem efst er á baugi hjá þeim og fóru yfir starfið í stuttu máli. Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ráðherra ferðamála, iðnaðar og nýsköpunar, ávarpaði fundinn og átti gott samtal við fundargesti, sem gátu spurt ráðherra að vild um hin ýmsu orkumálefni. Sigurlilja Albertsdóttir, hagfræðingur Samorku, stýrði fundinum. Í lok fundarins var boðið upp á samverustund með jólaíavafi í stað hefðbundins jólahlaðborðs og mæltist það vel fyrir samkvæmt niðurstöðum viðhorfskönnunar, sem send var út á fundargesti.

## MENNTADAGUR ATVINNULÍFSINS

Menntadagur atvinnulífsins er árlegur viðburður Samtaka atvinnulífsins, Samorku, Samtaka ferðaþjónustunnar, Samtaka fjármálafyrirtækja, Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtaka iðnaðarins og Samtaka verslunar og þjónustu og var að þessu sinni haldinn þann 14. febrúar í Hörpu. Umfjöllunarefni dagsins í ár var læsi í víðu samhengi, til dæmis fjármálalæsi og menningarlæsi auk hefðbundins læsis á bók. Auk þess var boðið upp á málstofur um kennslustofu 21. aldarinnar og stöðu stráka í lífi og starfi. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, ávarpaði fundargesti og Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, afhenti Höldi menntaverðlaunin 2019 og Friðheimar voru valdir menntasproti ársins. Baldur Dýrfjörð, lögfræðingur Samorku, situr meðal annars í menntahópi Samtaka atvinnulífsins og starfaði með dómnefnd menntaverðlaunanna.

## SKIPULÖGÐ SAMSKIPTI OG UPPLÝSINGAMIÐLUN

Fyrstu skref og fyrstu samskipti við hagsmunaaðila, almenning og fjölmiðla eru gríðarlega mikilvæg þegar krísa kemur upp. Samorka bauð starfsfólki aðildarfélaga að sækja námskeið í skipulögðum samskiptum og upplýsingamiðlun í krísu föstudaginn 7. desember, sem miðaði að því að þjálfa þessi skref undir handleiðslu reynslumikilla sérfræðinga. Almannatenglarnir Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir og Særún Ósk Pálmadóttir frá almannatengslafyrirtækinu Aton kenndu á námskeiðinu og stóð það yfir í heilan dag. Alls sóttu 24 fulltrúar aðildarfélaga námskeiðið.

## SAMSTARF VIÐ KÍO

Lovísa Árnadóttir, upplýsingafulltrúi Samorku, var kjörin varamaður í stjórn KÍO til tveggja ára á aðalfundi félagsins í maí. Samorka hélt kynningarfund fyrir lykilstjórnendur aðildarfélaga um niðurstöður könnunar um líðan kvenna í orku- og veitugeiranum sem Konur í orkumálum létu gera á árinu 2018. Könnunin var unnin af fyrirtækinu Zenter og dregur fram hvernig félagskonur í KÍO upplifa starfsumhverfi sitt, ánægju í starfi og hvort þær hafi orðið fyrir misrétti eða neikvæðum upplifunum í starfi sínu í orkugeiranum. Fram kom í niðurstöðum að almennt eru konur í orku- og veitustarfsemi ánægðar í starfi og líður vel, en einnig vísbendingar um ýmislegt sem má vinna í, til dæmis að hlúa betur að þeim konum sem eru eldri en 55 ára og skýra ferla ef eitthvað neikvætt kemur upp á. Kynningarfundurinn var mjög vel sóttur.

## SAMORKA Í FRÉTTUM

Samorka var nefnd rúmlega 100 sinnum í fréttum á árinu. Margar þeirra áttu uppruna sinn í samanburði á verði fyrir nauðsynlega orku- og veitupjónustu á Norðurlöndum og einnig í kringum þá opnu fundi sem haldnir voru á árinu. Fjölmiðlar sýndu umfjöllun um fjórðu iðnbyltinguna og áhrif hennar á stöðu kynjanna mikinn áhuga og var fulltrúi Samorku í viðtali á þremur útvarpsstöðvum auk umfjöllunar í dagblöðum. Einnig fengu niðurstöður greiningar um þjóðhagslega hagkvæmni rafbíla mikið pláss, en þær birtust í öllum helstu fjölmiðlum landsins. Heilsíðumfjöllun var um fjármögnun sólarorkulampa til Afríku vegna Dags rafmagnsins árinu áður í blaði





um Orku Íslands og framkvæmdastjóri Samorku var til viðtals í Morgunblaðinu um helstu viðfangsefni orku- og veitufyrirtækja á nýju ári 2019.

## SAMSKIPTI VIÐ AÐILDARFÉLAGA

Samorka gaf út fjögur fréttabréf á árinu með upplýsingum um viðburði, starfsemi og fréttir. Stefnt er að því að gera átak í áskrift að fréttabréfinu á nýju starfsári og styrkja upplýsingaflæðið þar með betur.

Facebooksíða Samorku var nýtt í að auglýsa viðburði hjá samtökunum og aðra tengda viðburði og til að vekja athygli á ýmsum fréttum úr orku- og veitugeiranum. Síðan hefur rúmlega 400 fylgjendur og fjölgaði um rúmlega 70 á starfsárinu. Fyrirhugað er að kynna síðuna betur fyrir starfsfólki aðildarfélaga Samorku.







## KOLEFNISHLUTLAUS ORKU- OG VEITUSTARFSEMI ÁRIÐ 2040

### ORKU- OG VEITUMÁL ERU LÍKA LOFTSLAGSMÁL

Alþjóðasamfélagið hefur með Parísarsamningnum tekið ákvörðun um að grípa til aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra. Vægi orkuvinnslu og orkunotkunar er umtalsvert í losun gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu og er aukin vinnsla endurnýjanlegrar orku einn af lykilþáttum til að draga úr losun þeirra að viðbætti áherslu á orkunýtni og orkusparnað. Ísland stefnir á að verða kolefnishlutlaust árið 2040.

Íslendingar búa við þá eftirsóknarverðu stöðu að þegar hafa verið stigin risastór skref í loftslagsmálum með orkuskiptum úr jarðfnaeldsneyti yfir í endurnýjanlega orku í rafmagnsframleiðslu og húshitun. Næsta stóra tækifæri samfélagsins í loftslagsmálum er að ráðast í orkuskipti í samgöngum með samvinnu stjórnvalda, atvinnulífs og almennings, jafnframt því að beita öðrum færum leiðum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Orku- og veitufyrirtæki ætla áfram að leggja sitt af mörkum svo þessum markmiðum verði náð.

### MARKMIÐ ORKU- OG VEITUSTARFSEMINNAR ER AÐ VERÐA KOLEFNISHLUTLAUS FYRIR ÁRIÐ 2040.

Til að ná megi þessu markmiði ætlum við að vera leiðandi afl í:

- Að minnka kolefnisspor orku- og veitustarfsemi á Íslandi á sjálfbæran hátt.
- Snjöllum og orkusparandi orku- og veitunnviðum til að stuðla að sjálfbærni samfélagsins.
- Virku og samkeppnishæfu markaðsumhverfi sem byggir á öruggri afhendingu endurnýjanlegrar orku.
- Miðlun þekkingar til viðskiptavina, almennings og stjórnvalda í góðu samstarfi við hagaðila.

Orku- og veitustarfsemi á Íslandi gerir miklar kröfur um gæði, afhendingaröryggi og hagkvæmni og leggur áherslu á rannsóknir og nýsköpun til að geta nýtt bestu mögulegu lausnir í þeim tilgangi. Rekstur orku- og veitustarfsemi byggir á öguðum vinnubrögðum. Við ætlum að vera til fyrirmyndar í loftslagsmálum og byggja upp hæfni starfsfólks í þeim efnum.



# INNRA STARF

## RÁÐGJAFARÁÐ

### RÁÐGJAFARÁÐ VEITUFYRIRTÆKJA

Í Ráðgjafaráði veitufyrirtækja situr forsvarsfólk veitufyrirtækja. Hlutverk ráðsins er að fjalla um starfsumhverfi veitufyrirtækjanna, svo sem lagaumgjörð og annað regluverk; að vera stjórn til ráðgjafar um hagsmunamál sem varða veitufyrirtækin og Samorku; að taka til umfjöllunar mál frá ráðum og hópum Samorku sem varða starfsemi veitufyrirtækja og að vinna almennt að málum sem hafa jákvæð áhrif á starfsumhverfi og starfsemi veitufyrirtækja.

Mikill kraftur hefur verið í starfsemi ráðsins. Farið hefur verið yfir mörg mikilvæg mál af vettvangi stjórnvalda, t.d. endurskoðun á mati á umhverfisáhrifum; friðlýsingar; kostnaðarþátttöku ríkisins í fráveituframkvæmdum, fráveitureglugerð; reglugerð um framkvæmd raforkulaga; borholureglur; stofnun miðhálandisþjóðgarðs og Þjóðgarðastofnunar; aðgerðaáætlun Íslands í loftslagsmálum; aðgerðaáætlun um innleiðingu Árósasamningsins; vinnu við gerð orkustefnu fyrir Ísland; breytingar á byggingarreglugerð og önnur mál frá þingi og stjórnsýslu sem varða starfsemi ráðsins.

Þá hafa ýmis mikilvæg mál verið tekin til umfjöllunar: Skipulag SDEC 2019 – alþjóðlegar hitaveituráðstefnu á Íslandi; loftslagsmál veitustarfsemi; netöryggismál;

tekjumörk veitna; tilkynningar um notendaskipti; úrbætur á iðnnámi og fjölgun nemenda; vatnsvernd og veghönnun; persónuverndarmál; áhersluatriði Samorku í fráveitumálum; skipulag Fagþings veitna 2018 og annað innra starf Samorku; rafbilavæðing og margt fleira.

### RÁÐGJAFARÁÐ ORKUFYRIRTÆKJA

Í Ráðgjafaráði orkufyrirtækja situr forsvarsfólk orkufyrirtækjanna eða staðgenglar þess. Hlutverk ráðsins er að fjalla um starfsumhverfi orkufyrirtækjanna, þar með talið lagaumgjörð og aðra stefnumarkandi þætti gagnvart Alþingi og stjórnvöldum og önnur atriði sem geta haft áhrif á starfsemi þeirra; að vera stjórn til ráðgjafar um hagsmunamál sem varða orkufyrirtækin og Samorku; að taka til umfjöllunar mál frá ráðum og hópum Samorku sem varða starfsemi orkufyrirtækja og að fjalla um önnur mál tengd starfsemi orkufyrirtækja og Samorku og vinna almennt að málum sem hafa jákvæð áhrif á starfsumhverfi og starfsemi fyrirtækjanna.

Af vettvangi stjórnvalda hafa t.d. verið tekin til umræðu vinna við gerð orkustefnu fyrir Ísland; rammaáætlun; endurskoðun á mati á umhverfisáhrifum; friðlýsingar; 3. orkupakkinn; þjóðarsjóður; borholureglur; stofnun miðhálandisþjóðgarðs og Þjóðgarðastofnunar; aðgerða-áætlun Íslands í loftslagsmálum; aðgerðaáætlun um innleiðingu Árósasamningsins og önnur mál frá þingi og stjórnsýslu sem varða starfsemi ráðsins.

Eitt af stóru verkefnum ráðsins hefur verið að starfa með fulltrúum Samorku í starfshópi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins um orkuöryggi á heilðsölumarkaði raforku og taka þannig þátt í þeirri vinnu. Þá hefur ráðið tekið til umfjöllunar ýmis veigamikil mál, t.d. persónuverndarmál; vindorkumál; orkuskipti og loftslagsmál, netöryggismál, skipulag Fagþings 2019 og annað innra starf Samorku og margt fleira.

## FAGRÁÐ

Á vettvangi Samorku eru starfandi fjögur fagráð: Fráveitufagráð, Hitaveitufagráð, Rafveitufagráð og Vatnsveitufagráð. Hlutverk þeirra er m.a. að vera stjórn Samorku og Ráðgjafaráði veitufyrirtækja til ráðgjafar um málefni veitnanna; að taka þátt í málsvarahlutverki samtakanna, t.d. með því að vinna umsagnir um tillögur að lagafrumvörpum, reglugerðum og fleiru; að deila þekkingu á milli veitnanna og miðla til þeirra; að vera samræðu- og samvinnuvettvangur veitnanna, þar sem mikilvæg hagsmunamál þeirra fá góða yfirferð og umræðu; að taka þátt í að móta stefnu fyrir Samorku í mikilvægum málefnum veitnanna; að vinna að fræðslu og upplýsingagjöf til samfélagsins um málefni veitna; að vinna að söfnun upplýsinga, greiningum og miðlun upplýsinga um veitumál og að vera til ráðgjafar þegar kemur að kynningarmálum samtakanna varðandi veitumál.

### FRÁVEITUFAGRÁÐ

Fráveitufagráðið vann áfram á árinu að samstarfi við stjórnvöld um ýmsar breytingar á laga- og reglugerðarumhverfi fráveitna. Fráveitufagráðið kallaði

á árinu eftir því að umhverfis- og auðlindaráðuneytið gefi út nýja reglugerð um fráveitur og skólp, en drög að henni eru til. Einnig að komið verði aftur á kostnaðarþátttöku ríkisins í fráveituframkvæmdum. Þá tók fagráðið þátt í skipulagningu Fagþings veitna 2018.

Þar að auki var fjallað um ýmis mál í fagráðinu á árinu: Loftslagsmál fráveitna; tæknilega tengiskilmála; innra eftirlit fráveitna; örplastmál; fráveituhandbók Samorku, námskeiðshald og fræðslu tengda fráveitum; innleka í fráveitulagnir; rusl í fráveitum; hönnunarforsendur og ýmis önnur mál.

### HITAVEITUFAGRÁÐ

Eins og önnur fagráð var hitaveitufagráðið í lykilhutverki við skipulagningu Fagþings og kom að umsögnum og öðru samstarfi samtakanna við stjórnvöld. Ráðið gegnir lykilhutverki í skipulagningu SDEC 2019 – alþjóðlegar hitaveituráðstefnu á Íslandi. Auk þess voru ýmis mál til umfjöllunar á vettvangi fagráðsins og Samorku á árinu: Endurskoðun tæknilegra tengiskilmála hitaveitna; námskeiðshald; sameiginlegar reglur fyrir hitaveitur / sameiginleg uppbygging gjaldskráa veitna; gagnaskil hitaveitna og hitaveituhandbókin.

### RAFVEITUFAGRÁÐ

Ráðið hefur haldið reglulega fundi á árinu og í ljósi þess að ráðið var endurskipulagt í upphafi síðasta starfsárs var ákveðið að fyrstu fundir þess yrðu haldnir á heimavelli ráðsmanna og þar haldnar kynningar á fyrirtækjunum einu af öðru. Ráðið hefur miðlað þekkingu og reynslu og þá meðal annars um einstakar framkvæmdir sem



flutningsfyrirtækið og veiturnar vinna að. Einnig af atvikum sem koma upp í rekstrinum og fela í sér mikilvæga reynslu sem aðrir geta lært af. Sem dæmi um mál sem rætt hefur verið innan ráðsins eru kröfur til jarðskauta og jarðbindinga bæði í eigin rekstri fyrirtækjanna en einnig í húsveitum. Nokkuð reglulega koma upp fyrirspurnir um þessi mál og oft gætir misskilnings um hlutverk dreifiveitna annars vegar og hlutverk húsbyggjanda og eiganda húsveitu hins vegar. Hefur þetta mál meðal annars verið rætt á fundi með fulltrúum Mannvirkjastofnunar og þá með hliðsjón af mikilvægi fræðslu og eftirlits með þessum þáttum hjá húsbyggjendum. Að frumkvæði ráðsins var þeim tilmælum beint til Samgöngustofu að inn í meiraprófsfræðslu komi sérstök áhersla á vinnu í nálægð háspennustrengja og -lína.



#### VATNSVEITUFAGRÁÐ

Eins og sjá má í yfirliti um umsagnarmál hér í ársskýrslunni kemur vatnsvernd og mikilvægi heilnæms neysluvatns víða fram enda aldrei of oft kveðin sú vísa. Það gleymist oft að vatnsverndin hefur ótrúlega víða snertifleti og víða sótt að henni, oftast af vanþekkingu en stundum vegna þess að aðrir hagsmunir vega þyngra í huga þeirra sem um véla. Vatnsveitufagráð hefur m.a. með þetta í huga unnið að því á síðasta ári að koma í gang verkefni með Vegagerðinni þar sem unnið verður að verklagsreglum sem taki vatnsverndina sérstaklega inn í áhættumat við hönnun vegna og forgangsroðun verkefna með tilliti til öryggismála. Er þá bæði unnið með hættu af mengun vegna slysa en einnig vegna hættu á uppsafnaðri mengun frá vegum sem liggja í gegnum vatnsverndarsvæði. Vegagerðin hefur tekið vel í verkefnið og var vinnuhópur stofnaður um framgang þess með fulltrúum frá báðum aðilum. Fulltrúi í Vatnsveitufagráði tekur nú þátt í starfshópi sem vinnur að endurskoðun á reglugerð um neysluvatn. Þá tók ráðið þátt í kynningu á innra starfi Samorku á desemberfundi samtakanna.

#### UMHVERFISRÁÐ

Í Umhverfisráðinu voru ýmis mál til umfjöllunar á árinu, bæði af vettvangi stjórnmalanna og að frumkvæði ráðsins: Endurskoðun mats á umhverfisáhrifum; aðgerðaáætlun um Árósasamninginn; aðgerðaáætlun Íslands í loftslagsmálum; endurskoðun reglugerða um mengunarmörk og losun frá atvinnurekstri; fræðsla um umhverfis- og loftslagsmál; hollustuhætti og mengunarvarnir og margt fleira. Þá var hafinn undirbúningur að eftirfylgni vegna yfirlýsingar orku-

og veitufyrirtækjanna um kolefnishlutleysi fyrir 2040, en ráðið hefur það hlutverk að vinna að því. Þar var hafið að undirbúa námskeiðshald og fræðslu um kolefnishlutleysi fyrir geirann. Auk þess voru ýmis mál tekin til umfjöllunar, t.d. tók ráðið þátt í skipulagningu Umhverfisdags atvinnulífsins, farið var yfir umhverfiskönnun Gallup og unnið var að umfjöllun um umhverfismál á ráðstefnum og fundum Samorku.

#### ÖRYGGISRÁÐ

Starf Öryggisráðs hefur að venju verið öflugt og fjölmargar kynningar verið haldnar innan ráðsins en einnig hafa komið utanaðkomandi aðilar með fræðslu m.a. um nýjan staðal um öryggi, heilsu og vinnuvernd sem tók gildi á árinu. Þá hafa verið haldnir samráðs- og kynningarfundir með Mannvirkjastofnun. Mjög mikil áhersla er lögð á miðlun reynslu af atvikum sem koma upp hjá fyrirtækjunum til að ræða og læra af í forvarnarskyni. Eitt af stærri verkefnum sem ráðið hefur unnið að er sameiginlegur kafla um öryggis-, heilsu-, vinnuverndar-, og umhverfismál í útboðsskilmálum með það að markmiði að fyrirtækin innan Samorku fái sameiginleg viðmið sem þau geta nýtt í útboðsskilmálum sínum. Er gert ráð fyrir að þessir skilmálar verði kynntir formlega á fagþingi Samorku á komandi vori. Öryggisráð Samorku tók þátt í kynningu á innra starfi Samorku á desemberfundi og var þar meðal annars kynntur nýr bæklingur um slysaskráningu orku- og veitufyrirtækja en hann er í rafrænu formi á heimasíðu Samorku. Öryggisráð tók virkan þátt í Fagþingi Samorku í Hveragerði í má sl.

#### FAGHÓPAR

##### FAGHÓPUR UM SAMSKIPTAMÁL

Hlutverk hópsins er að vera starfsfólki Samorku, stjórn og öðrum nefndum á vegum Samorku til ráðgjafar um kynningar- og samskiptamál og hann skipa stjórnendur þessara málaflokka hjá aðildarfyrirtækjum.

Opnir fundir og aðrir viðburðir á vegum Samorku voru mikið ræddir á fundum starfsársins, rætt um sameiginlega framsetningu og svör um þriðja orkupakkann sem verður til umfjöllunar í þinginu 2019, undirbúning og lærdóm af fundi norrænna samskiptastjóra sem haldinn var í Helsinki í september 2018, svo eitthvað sé nefnt. Fulltrúar í hópnum fluttu erindi um viðbrögð við krísum og fjölmiðlasamskipti á fagþingi hita-, vatns- og fráveitna í Hveragerði vorið 2018.

##### MANNAUÐSHÓPUR

Á vettvangi hópsins hefur að venju verið unnið að miðlun á þekkingu og reynslu milli fyrirtækjanna m.a. um vinnustaðagreiningu, jafnlaunavottun o.fl. Stærsta einstaka verkefni ársins hefur verið vinna að stefnumótun um eflingu iðnfræðslu og kynningu á iðngreinum innan orku- og veitugeirans. Gerð var könnun meðal stærstu fyrirtækjanna til að athuga með hvaða hætti fyrirtækin hafa unnið að þessum málum hingað til. Staðfestist að fyrirtækin eru að gera mjög margt í kynningar- og fræðslumálum og sum fyrirtækin eru með sérstök verkefni í gangi. Hluti af vinnunni hafa einnig verið samræður við Samtök iðnaðarins og Tækniskólann. Áfram verður unnið að verkefninu á árinu 2019. Námskeið um grunnfræðslu á



starfsemi orku- og veitugeirans fyrir starfsfólk hans hefur verið í biðstöðu en verður vonandi tekið upp á árinu 2019. Mannauðshópur Samorku tók þátt í kynningu á innra starfi Samorku á desemberfundi.

#### INNKAUPASTJÓRAHÓPUR

Innkaupastjórihópur Samorku á sér langa sögu og á yfirstandandi starfsári gerðust þau tíðindi að tveir meðlimir hans létu af störfum eftir áratuga starf en það eru Gylfi Guðmundsson hjá Orkubúinu og Jóhann Bjarnason hjá RARIK en hann hefur einmitt verið formaður hópsins um árabíl. Er ástæða til að þakka þeim áralangt starf í þágu Samorku og forvera samtakanna. Á árinu voru fyrirtæki sem hafa tekið upp rafræn útbóðs- og innkaupaferli heimsótt og í upphafi árs 2019 hélt fyrirtækið In-Tend kynningu fyrir aðildarfyrirtæki Samorku en nokkur aðildarfyrirtæki hafa þegar tekið hugbúnað frá þeim í notkun. Á vettvangi hópsins hefur einnig verið ræddur möguleiki á viðtækara samstarfi í innkaupum m.a. í lagnaefni fyrir hitaveitur og vatnsveitur. Sömu leiðis samstarf að því er varðar öryggis- og lágmarkslagera af ýmsum mikilvægum rekstrarvörum.

#### GÆÐA- OG SKJALASTJÓRAHÓPUR

Gæða- og skjalastjórihópur fundaði mjög reglulega á árinu og skipti áhersluatriðum fundu upp á milli skjalamála og gæðamála. Meðal þess sem rætt var voru umbætur ferla, áætlanir fyrirtækja í skjala- og gæðamálum fyrir starfsárið, vistun gagna, innleiðingar ferla, gæðastundir í vinnunni og fleira. Fulltrúar í hópnum skiptast á að hafa kynningar fyrir hina um gagnlegt efni eða áhugaverðar ráðstefnur sem nýst geta í starfi. Mikil áhersla er lögð á að deila þekkingu á gæða- og skjalamálum innan hópsins.

#### FAGHÓPUR UM VERKEFNASTJÓRNUN

Verkefnastjórihópurinn er samræðu- og samvinnu-vettvangur orku- og veitufyrirtækjanna um málefni verkefnisstjórnunar, þar sem áherslan er á að deila þekkingu, reynslu, hugmyndum og fleiru á milli fyrirtækjanna og starfsfólks þeirra og miðla til þeirra. Þannig fer hópurinn yfir aðferðir, tæki og tól, hlutverk og ferli verkefnastjórnunar í rekstri og verkefnum, m.a. varðandi ákvarðanatöku, skipulag, áætlanagerð, upplýsingamiðlun og árangursmælingar.

Á árinu var áhersla hópsins á að heimsækja öll fyrirtækin sem eru í hópnum og fá kynningu á fyrirkomulagi verkefnastjórnunar hjá þeim fyrirtækjum, ásamt umræðu um aðferðir, tæki, tól og fleira sem er notað hjá fyrirtækjunum.

#### GREININGAHÓPUR

Greiningahópur var stofnaður á starfsárinu og er samstarfsvettvangur fyrir þá sem vinna að greiningum í aðildarfyrirtækjum Samorku. Markmiðið er að vinna að því að standa sameiginlega að greiningum sem mikilvægar eru fyrir orku- og veitugeirann, forgangsraða þeim, hafa yfirsýn yfir gögn og tölfræði sem til eru og setja þau fram á skiljanlegan hátt fyrir almenning og hogaðila, auk þess að deila þekkingu, reynslu og hugmyndum. Stefnt er að því að funda mánaðarlega.

#### SPENNAHÓPUR

Í spennahópnum var ekki mikil starfsemi á árinu, en á fundi var þó farið yfir ýmis mál, t.d. mögulegan gagnagrunn um bilanir í spennum, atvik sem hafa orðið hjá fyrirtækjunum og fleira.

#### FJÁRMÁLASTJÓRAHÓPUR

Fjármálastjórihópur var stofnaður í lok starfsársins. Hópurinn er samstarfsvettvangur fjármálastjóra orku- og veitufyrirtækjanna og var stofnaður að þeirra frumkvæði. Hér er kominn tilvalinn vettvangur til að deila þekkingu, reynslu og hugmyndum er varða fjármálatengd málefni, sem ekki varða samkeppnismál.

#### MÁLEFNAHÓPAR

##### SNJALLMÆLAHÓPUR

Hópurinn hefur fundað nokkrum sinnum á liðnu starfsári bæði með það að markmiði að deila reynslu af upptöku snjallmæla sem og af prófunum á mismunandi mælum og kerfum. Ljóst er að mikil og ör þróun er á snjallmælamarkaðinum og verð óðum að lækka sem eykur líkurnar á almennt upptöku þessarar nýjungar sem býður upp á mikla möguleika. Nokkur tími hefur farið í samræður við Neytendastofu vegna hugmynda þar um að taka upp prófanir á vatnsmælum en um nokkurt skeið hefur ekki verið hægt að senda vatnsmæla í prófun hérlendis. Þá hefur hópurinn lagt drög að dagskrá svonefnds mæladags og er stefnt að því að halda hann á árinu 2019 en ekki tókst vegna anna að koma honum á árið 2018.

##### ORKUSKIPTAHÓPUR

Orkuskiptahópur Samorku var settur af stað fyrir tveimur árum, í framhaldi af Parísarsáttmálanum, til að vinna með stjórnvöldum í orkuskiptamálum, en Samorka hefur verið lykilsamstarfsaðili stjórnvalda í loftslagsmálum.

Hópurinn hefur einnig viðtækara og viðvarandi hlutverk á vettvangi Samorku, t.d. upplýsingasöfnun og greiningar tengdar komandi orkuskiptum; að samræma forsendur og tölur varðandi grunnþætti orkuskipta, t.d. orkuþörf; skoða helstu sviðsmyndir um hvernig orkuskipti geta og munu eiga sér stað; greina hvaða þættir standa í vegi fyrir orkuskiptum hérlendis, hvar og hverjir eru helstu flöskuhálsarnir, ástand innviða, hvar þarf að styrkja innviði og hvar það borgar sig ekki. Á vettvangi hópsins var á árinu sett í gang stór hleðslurannsókn, þar sem 200 mælitæki voru sett í rafbíla á Íslandi. Mælitækin verða eitt ár í bílunum og munu veita orku- og veitufyrirtækjunum lykilupplýsingar varðandi rafbílanotkun, sem gagnast mun við uppbyggingu innviða og fleira. Þá var á vettvangi hópsins einnig unnin stór greining á þjóðhagslegri hagkvæmni rafbílavæðingar, sem sagt var frá hér að ofan í umfjöllun um greiningar unnar á vettvangi Samorku. Auk þess er í undirbúningi stór sviðsmyndagreining á orkuskiptum í haftengdri starfsemi. Í hópnum var einnig unnið að ýmsum öðrum málum; tillögum til stjórnvalda að forgangsröðun innviðauppbyggingar í orkuskipta- og loftslagsmálum; breytingar á byggingarreglugerð; gagnaöflun og greiningar um orkuskipti; framleiðslu endurnýjanlegs eldsneytis hérlendis og margt fleira.

##### VINDORKUHÓPUR

Hlutverk Vindorkuhópsins er m.a. að styðja við þróun nýtingar á vindorku hérlendis, standa fyrir greiningum, fylgjast með þróun erlendis; að móta stefnu Samorku þegar kemur að vindorkumálum og að vinna að samstarfi Samorku við stjórnvöld í vindorkumálum. Í hópnum hefur á árinu verið unnið að ýmsu samstarfi við stjórnvöld, m.a. tengt skýrslu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um stöðu



laga- og reglugerðarumhverfis nýtingar vindorku á Íslandi og starfshópi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins um stöðu vindorkumála á Íslandi. Þá funduðu fulltrúar hópsins og Samorku með ýmsum hagsmunaaðilum um vindorkumál, t.d. Landvernd og Skipulagsstofnun.

## VERKEFNAHÓPAR

### ORKUSTEFNUHÓPUR

Nú er í fullum gangi vinna á vettvangi stjórnvalda við gerð orkustefnu fyrir Ísland, en skipaður var þverpólitískur starfshópur með fulltrúum frá öllum þingflokkum til að vinna að gerð hennar. Samorka hafði áður kallað eftir slíkri vinnu og í þeim tilgangi að styðja við það starf og vinna að þátttöku Samorku í því var skipaður sérstakur orkustefnuhópur Samorku.

Hópurinn hefur verið mjög virkur og fulltrúar hans tekið þátt í öllum samráðsfundum orkustefnuhóps stjórnvalda. Á vettvangi hópsins hefur sú þátttaka verið undirbúin, ásamt tillögum og áherslu Samorku í málinu.

### LOFTSLAGSHÓPUR

Loftslagshópur Samorku var settur af stað fyrir tveim árum, í framhaldi af Parísarsáttmálanum, til að vinna með stjórnvöldum í loftslagsmálum, öðrum en orkuskiptamálum. Hópurinn einnig víðtækara og viðvarandi hlutverk á vettvangi Samorku, sérlega að skipuleggja málsvarahlutverk Samorku þegar kemur að öllum loftslagsmálum og móta stefnu Samorku í loftslagsmálum.

Á árinu voru m.a. unnar tillögur til verkefnisstjórnar aðgerðaáætlunar Íslands í loftslagsmálum, farið yfir aðrar tillögur og önnur loftslagsmál af vettvangi stjórnvalda.

### NETÖRYGGISHÓPUR

Mestur tími hópsins á liðnu ári fór í viðræður við Póst- og fjarskiptastofnun með það að markmiði að ákæmist samningur við Netöryggissveitina – CERTIS um samstarf og eftirlit með tilliti til öryggis net- og upplýsingakerfa mikilvægra samfélagsinnviða en þar undir falla öll orku- og veitufyrirtækin. Var þá gengið út frá því að gerðir yrðu samningar við allar atvinnugreinar sem falla undir samfélagslega mikilvæga innviði, orku- og veitugeirann, fjármálageirann, fjarskiptageirann, heilbrigðisgeirann og stjórnsýslu ríkisins. Kom í ljós að ekki var hljómgrunnur fyrir þessari leið og var því fallið frá henni. Leiddi þetta til þess að um mitt sumar komu fram drög að frumvarpi til laga um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða. Skemmst er frá því að segja að Samorka gerði alvarlegar athugasemdir í ítarlegri greinargerð við fjölmarga þætti frumvarpsdraganna. Það skilaði þeim árangri að þegar frumvarpið kom fram á Alþingi í vetur hafði verið tekið tillit til flestra athugasemda Samorku í málinu. Í upphafi árs 2019 var haldinn kynningarfundur þar sem fulltrúi Kraftcert í Noregi fór yfir meginatriðin í framkvæmdinni þar í netöryggismálum mikilvægra innviða.

### MIDHÁLENDISHÓPUR

Hópurinn hefur haldið nokkra fundi á árinu meðal annars með það að markmiði að geta lagt inn efni í vinnu nefndar um stofnun miðhálandisþjóðgarðs sem nú er að störfum.

Hefur Samorka meðal annars skilað inn umsögn um drög að umfjöllun um fyrstu tvo verkþætti nefndarinnar eins og nánar er lýst í kaflanum um umsagnir hér í skýrslunni. Ljóst er að standa þarf vörð um hagsmuni grænnar orkuframleiðslu og möguleikann á skynsamlegum leiðum fyrir orkuflutninga, enda full ástæða til að ætla að það geti farið vel saman við náttúruvernd á svæðinu.

### FJÁRMÁLASTJÓRAHÓPUR

Hópurinn tók til starfa í upphafi ársins 2019 og er að móta hlutverkalýsingu sína, en markmiðin eru fyrst og fremst að deila þekkingu á laga og regluverki fjármála, bókhalds- og reikningsskilum, hugbúnaði, fjár- og áhættustýringu o.fl. Gert er ráð fyrir að hópurinn fundi fimm sinnum á ári.

### AÐRIR HÓPAR

Aðrir hópar eins og laga- og reglugerðarhópur, hópur um skattlagningu orku- og veitumannvirkja og vinnuhópur um regluverk framkvæmda, persónuverndarhópur, starfa eftir því sem tilefni gefst til hverju sinni. Vinnuhópur um regluverk framkvæmda hefur verið virkur á árinu í tengslum við fyrirhugaða heildarendurskoðun á lögum um mat á umhverfisáhrifum, sbr. umsögn um það verkefni sem nánar er fjallað um í kaflanum um málsvarahlutverkið og umsagnir Samorku. Þá hefur hópur um skattlagningu orku- og veitumannvirkja verið virkjaður núna í upphafi ársins 2019 þar sem enn á ný eru komnar fram hugmyndir um aukna skattheimtu á orku-, flutnings- og veitumannvirki.









# MÁLSVARI

## MÁLSVARI

Einn af meginþáttum í starfi Samorku er málsvarahlutverkið og þar með samstarf og samskipti við stofnanir, ráðuneyti og Alþingi, þar sem fjölmörg mál á starfssviði orku- og veitufyrirtækja eru í meðförum á hverjum tíma.

Mikil breyting hefur orðið á skipulagi þessarar vinnu til hins betra á undanförunum árum og ber að þakka stjórnvöldum og Alþingi fyrir að hafa nýtt tæknina til þess að gera þessa ferla skýrari og skilvirkari. Auk þess að Alþingi hafi um langt árabil nýtt tæknina í þessu skyni hefur stjórnarráðið nú tekið í notkun Samráðsgátt með það að markmiði „að auka gagnsæi og möguleika almennings og hagsmunaaðila í þátttöku í stefnumótun, reglusetningu og ákvarðanatöku opinberra aðila“ eins og segir á heimasíðu gáttarinnar. Er þetta til mikillar fyrirmyndar og hefur bætt til muna möguleika á virkri þátttöku hér að lútandi. Þó ber þess að geta að mikilvægt er að allar stofnanir ríkisins nýti þessa sjálfsgöðu leið í umsagnarferli um mál, en dæmi eru um að það sé ekki virt og nauðsynlegt að gera þar bragarbót á.

Í málsvarahlutverki Samorku felst þátttaka í nefndum og starfshópum eða eftir atvikum einstökum fundum til upplýsinga- eða álitsgjafar. Er þá ýmist um það að ræða að kallað er eftir þátttöku fulltrúa Samorku eða að samtökin fara fram á þátttöku í viðkomandi vinnu,

endurskoðunarferlum o.s.frv. Það er reynsla okkar að mikill vilji er til þess að nýta þekkingu og reynslu starfsfólks Samorku og aðildarfyrirtækjanna.

Eins og áður segir hafa orðið tímamót í meðferð umsagnarmála í stjórnslunni með tilkomu Samráðsgáttar stjórnvalda. Í Samráðsgáttinni er að finna tilkynningar um áform um lagasetningu, drög að lagafrumvörpum og reglugerðum, skjöl um stefnumótun og þá drög að stefnu eða einstökum þáttum í vinnslu viðkomandi stefnu, drög að aðgerða-áætlunum stjórnvalda svo helstu dæmin séu nefnd. Með þessum hætti geta hagaðilar vaktað á mjög þægilegan hátt þau mál sem ástæða er til þess að veita umsögn um eða koma að með öðrum hætti s.s. með gagnaskilum o.fl. Ljóst má vera að þetta er til muna skýrara og einfaldara en t.d. að vakta allar heimasíður stofnana ríkisins og ráðuneyta. Í sumum tilvikum hafa stofnanir einnig lagt mat á mikilvægi einstakra mála með þeim hætti að senda líka formlegt erindi til Samorku og óskað eftir umsögn og/eða gögnum. Er það einnig til mikillar fyrirmyndar og ber að þakka.

Frá síðasta aðalfundi Samorku hafa samtökin veitt umsagnir um fjölmörg mál jafnt hjá Alþingi sem stjórnvöldum og þar með talið stofnunum ríkisins. Þá hafa fulltrúar samtakanna einnig tekið beinan þátt í margvíslegri vinnu ráðuneyta og Alþingis við stefnumótun og undirbúning mála. Er nánar gerð grein fyrir helstu málunum hér á eftir.





Samorka hefur átt góð samskipti við starfsfólk stofnana og ráðuneyta og átt þess kost að fara yfir áherslumál sín með ráðherrum þeirra málaflokka sem snerta málsvarahlutverk Samorku. Sömu leiðis hafa samskipti við starfsfólk, þingnefndarmenn og formenn þingnefnda verið góð þegar fulltrúar Samorku og aðildarfyrirtækjanna hafa mætt á fundi nefndanna.

## UMSAGNIR UM EINSTÖK MÁL

Hér á eftir gefum við stutt yfirlit yfir helstu málin sem Samorka hefur veitt formlega umsögn um. Aðildarfélögin geta nálgast allar umsagnir hjá skrifstofu samtakanna. Til framtíðar litið er einnig gert ráð fyrir að umsagnir verði hægt að nálgast á vefsíðu samtakanna. Þá er minnt á að á vinnusvæði Samorku á „Work Place“ er svonefnd umsagnarsíða sem fulltrúar aðildarfélaga geta fengið aðgang að.

Í **mars** veitti Samorka umsögn um drög að frumvarpi til laga **um breytingar á lögum nr. 106/2018 um mat á umhverfisáhrifum** sem m.a. tengist innleiðingu á Evróputilskipun 2014/52/EU sem bætir við og breytir tilskipun sambandsins 2011/92/EU um sama efni (Samráðsgátt S-19-2018). Í umsögn Samorku er vísað til þess að markmið breytingarinnar á tilskipuninni sé að einfalda og samþætta ferla með hagsmuni framkvæmda aðila í huga. Er á það bent að frumvarpið taki ekki á þessum þáttum og þá sérstaklega vísað til samþættingar með „eitt ferli, einn afgreiðslustaður“ (e. One stop Shop). Þá voru einnig gerðar fjölmargar aðrar athugasemdir m.a. við hugmyndir um styttingu á gildistíma umhverfismats

og strangari kröfur um gagnaskil o.fl. sem um margt voru óskýr og virtust ganga gegn meginreglunni um meðalhóf.

Umsögn um **tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku** var skilað inn um miðjan **mars** og þar var fjallað um mikilvægi þess að tillagan feli í sér tímasett og mælanleg markmið um uppbygginguna. Þá var á það bent að víða væri ástandið í flutningskerfinu með þeim hætti að það kalli á beina aðkomu Alþingis að úrlausn þess.

Í **mars** var send til fjármála- og efnahagsráðuneytisins umsögn **um drög að skýrslu starfshóps ráðuneytisins um endurskoðun skattlagningar á ökutæki og eldsneyti**. Tilgangur starfshópsins var að endurskoða þá skattlagningu m.t.t. komandi orkuskipta. Í meginatriðum tók Samorka vel í tillögur starfshópsins en gerði þó nokkrar athugasemdir og kom á framfæri fleiri hugmyndum.

Í **mars** veitti veittu samtökin í Húsi atvinnulífsins, Samtök atvinnulífsins, Samorka, Samtök iðnaðarins, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtök fyrirtækja í ferðaþjónustu, Samtök fjármálafyrirtækja, Samtök verslunar og þjónustu og Viðskiptaráð Íslands sameiginlega umsögn um **frumvarp til laga um ný persónuverndarlög** þar sem gerðar voru fjölmargar athugasemdir og þá meðal annars um samræmi við þá tilskipun Evrópusambandsins sem innleiða á með frumvarpinu.

Samorka skilaði inn umsögn í **apríl** um drög að reglugerð um **losun frá atvinnurekstri og umhverfiseftirlit**. Samorka tók undir markmið reglugerðarinnar og bauðst til að vinna með stjórnvöldum að þeim: „Að koma í veg fyrir og

takmarka mengun frá tiltekinni starfsemi, svo sem með því að setja losunarmörk vegna mengandi efna.“ Það var þó mat Samorku að reglugerðardrögin væru töluvert langt frá því að vera tilbúin til útgáfu. Í mörgum tilvikum var ekki nægilega ljóst hvaða ákvæði eiga við starfsemi sem fjallað er um í einstökum viðaukum. Texti reglugerðardraganna var í of mörgum tilvikum óljós og tvíræður. Sérstaklega var þetta algengt í greinum sem eru þýddar að mestu leyti beint úr tilskipuninni. Þá gerði Samorka allmargar tæknilegar athugasemdir við reglugerðardrögin.

Frumvarp til laga um breytingu á **lögum um Viðlagatryggingu** var til umfjöllunar í apríl og var kynnt sem breyting á „heiti stofnunar, einföldun á stjórnsýslu o.fl.“ og lét ekki mikið yfir sér. Við skoðun á frumvarpinu kom hins vegar í ljós að lögð var til mjög stór breyting á ákvæði 4. gr. laganna þar sem lagt var til að bætt yrði við ákvæði um að „hamfarir [...] sem rekja má til ásetnings eða stórkostlegs gáleysis“ séu ekki bótaskyldar náttúruhamfarir í skilningi laganna. Í greinargerð var m.a. vísað til mögulegra skjálfta vegna niðurdælingar o.fl. Samorka gerði alvarlegar athugasemdir við þessa viðbót og þá réttaróvissu sem það myndi skapa yrði það að lögum.

**Frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða** var til umfjöllunar á vorþingi og veitti Samorka umsögn um það í byrjun maí. Var þar óskað eftir að öll tvímæli yrðu tekin af um það að skortur á frágengnu skipulagi fyrir tiltekið strandsvæði útilokaði ekki innviðaupbyggingu og þá sérstaklega vísað til lagningar sæstrengja (d. þverun fjarða eða strengir út í eyjar) og fráveituf framkvæmda (d. hreinsistöðvar og útrásir).

Í **maí** veitti Samorka umsögn til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um **drög að reglugerð um fráveitur og skólþ.** Fram kom í umsagnarbeiðninni að markmið endurskoðunar á reglugerð um fráveitur og skólþ sé að „einfalda ákvæði reglugerðarinnar og gera hana skýrari, bæta skráningu og upplýsingar um fráveitur, setja viðmiðunargildi um efnainnihald skólps sem losað er frá iðnaðarstarfsemi í fráveitur og skerpa á ábyrgð leyfishafa starfsleyfa fyrir iðnaðarstarfsemi um hreinsun frárennslis og tengsl við reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun“.

Samorka tók heils hugar undir ofangreind markmið og þakkaði fyrir sýndan samráðsvilja ráðuneytisins í málinu.





Það var mat Samorku að reglugerðardrögin séu nálægt því að vera tilbúin til útgáfu. Þar var þó eitt stórt útistandandi atriði í drögunum sem er að mati samtakanna nauðsynlegt að leysa, til þess að reglugerðin verði trúverðug og sanngjörn fyrir allar fráveitur landsins. Þar var átt við þær auknu hreinsunarkröfur sem gerðar eru til lítilla og meðalstórra sveitarfélaga sem losa í vatnsmiklar jökulár (m.v. sveitarfélög við sjávarsíðuna). Auk þess hafði Samorka ýmsar tæknilegar ábendingar og athugasemdir.

Að mati Samorku var mikilvægt að vinnu við útgáfu reglugerðarinnar ljúki sem allra fyrst þannig að ljóst væri hvaða reglum beri að fara eftir við uppbyggingu fráveitumannvirkja. Það er ekki gott ástand þegar óvissa um reglugerðarumhverfi starfsemi fráveitna er hindrandi fyrir nauðsynlega uppbyggingu, sem því miður er orðið tilvikið. Þannig hvatti Samorka ráðuneytið til að vinna hratt úr þeim umsögnum sem bærust og gefa nýja reglugerð út eins fljótt og mögulegt er.

Í byrjun **maí** skiluðu Samorka, Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og Samtök verslunar og þjónustu inn sameiginlegri umsögn um **frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum**. Voru athugasemdirnar efnislega samhljóða athugasemdum Samorku við drög að frumvarpinu sem veitt var umsögn um í mars (sjá hér að framan). Var þar einnig vísað í sérálit sem Samtök atvinnulífsins og Samband íslenskra sveitarfélaga skiluðu í nefndarvinnu um málið þar sem sérstaklega var varað við styttingu á gildistíma umhverfismats úr tíu árum í þrjú.

**Þingsályktunartillaga um stefnumótandi byggðaaætlun** var til umfjöllunar í umhverfis- og samgöngunefnd

Alþingis í maí. Í umsögn Samorku er áherslum á uppbyggingu flutnings- og dreifikerfisins fagnað og þar með afhendingaröryggi um allt land, en jafnframt minnt á að núverandi regluverk hefur ekki stutt við framgang lykilverkefna í uppbyggingunni og ítrekaðar tafir orðið þrátt fyrir vilja og fjárhagslega getu flutningsfyrirtækisins. Í umfjöllun um varmadælur á svonefndum köldum svæðum var minnt á tækifæri á stærri varmadælustöðvum líkt og unnið er að uppbyggingu á í Vestmannaeyjum. Loks var minnt á mikilvægi þess að taka að nýju upp stuðning við uppbyggingu fráveitu með endurgreiðslu á virðisaukaskatti af búnaði og framkvæmdum og skapa þar með forsendur fyrir nýju átaki í þeim efnum.

Í **maí** komu fram drög að **reglugerð um mengaðan jarðveg** og tók Samorka undir mikilvægi efnis hennar. Hins vegar var á það bent að of strangar reglur um ábyrgð á mengun geti orðið til þess að henni sé leynt, sem geti margfaldað skaðann sem mengunin veldur. Var í þessu sambandi sérstaklega vísað til vatnsverndarsvæða þar sem mikilvægast af öllu er að fjarlægja mengunarvaldinn t.d. með því að grafa mengunarbletti upp sé það hægt og koma menguðum jarðvegi í burtu. Var einnig vísað til þess að ástæða gæti verið til að rýna ákvæði um ábyrgðartryggingar ökutækja og vinnuvéla hér að lútandi.

Undir lok **maí** veitti Samorka umsögn um tillögu að breytingu á byggingarreglugerð þar sem fjallað var um **innviði rafbíla** en þetta var í annað skiptið sem drögin komu fram. Mjög vel var tekið í fyrirhugaða breytingu ekki síst í ljósi þess að tekið hafði verið mið af ábendingum Samorku varðandi íbúðarhúsnæði. Hins vegar var vakin athygli á því að ekki þyrfti síður að hafa skýrar reglur um

annað húsnæði, þ.e. allt atvinnuhúsnæði enda ljóst að tveir megin hleðslustaðir rafbíla eru heimili og vinnustaður.

Um mitt sumar komu fram drög að **frumvarpi til laga um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða**. Til mikilvægra samfélagslegra innviða teljast öll svið Samorku þ.e. raforkuframleiðsla, raforkuflutningur og -dreifing, vatnsveitur, hitaveitur og fráveitur. Frumvarpið felur m.a. í sér innleiðingu á svonefndri NIS tilskipun sem hefur það markmið að bæta og samræma öryggisstig mikilvægra innviða um alla Evrópu. Samorka gerði í umsögn sinni um miðjan **ágúst** fjölmargar athugasemdir við drögin, einkum mjög víðtækar eftirlitsheimildir og möguleg bein inngrip í net- og upplýsingakerfi fyrirtækjanna. Var á það bent að mikilvægt væri að byggja samstarf eftirlitsaðila og fyrirtækja sem reka samfélagslega mikilvæga innviði á grunni vottaðra öryggiskerfa sem taki tillit til þeirra krafna sem eðlilegt er að gera til net- og upplýsingakerfa fyrirtækjanna.

Í **ágúst** kom fram tillaga að aðgerðaáætlun um **Árósasamninginn**. Aðgerðaáætlunin er í fjórum köflum og þrettán aðgerðum. Í umsögn Samorku var farið ítarlega í gegnum allar tillögurnar og ýmsar athugasemdir gerðar. Var lögð áhersla á að svo virðist sem áætlunin geri ráð fyrir að gera eigi kröfu sem gangi mun lengra en Árósasamningurinn sjálfur gerir ráð fyrir og þá út frá athugasemdum eins aðila sem gert hefur athugasemd við innleiðingu samningsins. Sú óréttmæta athugasemd er síðan tekin upp í landsskýrslu Íslands um innleiðinguna og á henni er síðan byggð tillaga að aðgerðaáætlun sem gerir ráð fyrir að gengið sé mun lengra í kröfum en þörf er á. Þrátt fyrir að aðgerðaáætlunin eigi að byggja á skoðun og rannsókn á ýmsum atriðum er engu líkara en þegar liggja

fyrir skoðun á „réttri niðurstöðu“ sé lesið milli línanna og með hliðsjón af kynningarfundum um tillöguna.

Í lok **ágúst** veitti Samorka umsögn um drög að **umhverfismati samgönguáætlunar** 2019-2033. Í ljósi mikilvægis hreins neysluvatns, vatnsverndar og þar með vatnsverndarsvæða um allt land og þeirrar staðreyndar að þjóðvegir liggja víða nærri eða í gegnum svæðin var lögð áhersla á að þessara þátta sé sérstaklega getið í umhverfismatinu. Þá var minnt á að mikilvægt er að Vegagerðin búi yfir upplýsingum um öll vatnsverndarsvæði á landinu og meti sjálfstætt þær hættur sem núverandi og framtíðarumferð getur haft þar á. Þá er mikilvægt að við veggönnun og við ákvörðun um öryggisráðstafanir sé sérstakt tillit tekið til vatnsverndarhagsmuna.

Í byrjun **september** komu fram drög að **frumvarpi um Þjóðgarðastofnun**. Umsögn Samorku var í megindráttum tvíþætt, þ.e. annars vegar voru gerðar athugasemdir við lagatæknileg atriði ef svo má segja, en hins vegar efnisleg atriði. Í drögunum er bæði fjallað um þjóðgarðastofnunina sjálfa en einnig fjallað um efnisreglur um þjóðgarð og þar með verulega skörun við náttúruverndarlög. Þá er fjallað um stjórnskipulag þjóðgarða þar sem hlutverk aðila eru mjög óljós og óskýr. Þá virðist mjög ákveðið eiga að festa í sessi eina ákveðna skilgreiningu á þjóðgarði og þar með að koma í veg fyrir að innan þjóðgarðs verði ólík starfsemi og auðlindanýting. Var á það bent að á miðhálandinu fer þegar fram mikil auðlindanýting auk þess sem flutningskerfi og dreifikerfi raforku liggja um það. Þá er ljóst að þar eru fjölmargir möguleikar á auðlindanýtingu m.a. til orkuframleiðslu og einnig að þessi nýting grænna orkukosta getur farið mjög vel saman með náttúruvernd.



Í **september** skilaði Samorka inn umsögn til Orkustofnunar um **drög að borholureglum**, þar sem gerðar voru athugasemdir við samráðsleysi við gerð reglnanna, ásamt ýmsum tæknilegum athugasemdum.

Í **október** veitti Samorka umsögn um breytingar á **lögum um loftslagsmál**. Þar kallaði Samorka eftir því að samtökin fengju fulltrúa í Loftslagsráði, í ljósi þess lykilhlutverks sem orku- og veitugeirinn spilar og mun spila í loftslagsmálum. Þá komu samtökin á framfæri áherslum sínum í loftslagsmálum, varðandi starfsemi Loftslagsráðs, gagnaskil og fleira.

Í lok **september** veitti Samorka umsögn um áform um lagasetningu um **Þjóðarsjóð**. Samorka gerir ekki neinar athugasemdir við fyrirhugaðan þjóðarsjóð en bendir á að enn er ólukið að skapa nauðsynlega lagaumgjörð vegna auðlindanýtingar á landi í eigu eða umsjón ríkisins, þ.e. um auðlindagjöld og/eða auðlindarentu. Þá ber einnig að hafa í huga að ítrekað hafa komið fram hugmyndir um frekari skattheimtu gagnvart orkuframleiðslu og raforkuflutningi. Lögð er áhersla á að ný gjöld og nýir skattar skapa ekki nýjar tekjur og því mikilvægt að varlega sé stigið til jarðar. Ber þar að horfa til samkeppnisstöðu Íslands en einnig til þess að auðlindanýting byggir ekki aðeins á samningum við ríkið um land í þess eigu eða umsjón heldur einnig á samningum um land í einkaeigu bæði vegna raforkuframleiðslu og jarðhitavinnslu í þágu hitaveitna.

Drög að breytingum á reglugerð um **raforkuviðskipti og mælingar** komu fram í **október** og veitti Samorka umsögn sína m.a. vegna innviða rafbíla auk þess að koma með ábendingar um að ástæða væri til að taka fleiri þætti til endurskoðunar samhliða þeim sem komu fram í drögum.

Í **ágúst** boðaði umhverfisráðuneytið til upphafsfundar um **heilarendurskoðun á lögum um mat á umhverfisáhrifum** þar sem hagaðilum var boðið til „þjóðfundar“ um verkefnið og umræðu um markmiðin að gera ferlin samkvæmt lögnum skilvirkari án þess að gengið sé á rétt almennings, félagasamtaka og hagaðila til lýðræðislegrar aðkomu. Fundurinn gekk vel og umræðan gagnleg og fræðandi. Í framhaldi af þessu var síðan óskað eftir umsögnum um málið. Í byrjun október skilaði Samorka umsögn sinni um þessa upphafsvinnu. Í henni voru raktar þær athugasemdir sem Samorka gerði um frumvarp það til breytinga á lögnum sem lagt var fram á Alþingi sl. vetur og rakið er hér að framan. Þá var farið í gegnum þær breytingar sem gerðar hafa verið á lögnum frá setningu þeirra árið 2000 og minnt á að með þeim hafa kröfur til framkvæmdaáðila ítrekað verið hertar en ekkert unnið með einföldun og skilvirkni ferla. Lögð var áhersla á að unnið verði að samþættingu ferla, skipulags, umhverfismats og framkvæmdaleyfis og þar með hugmyndina um eitt ferli, einn afgreiðslustað (e. One Stop Shop) og þá eftir atvikum að lögin um mat á umhverfisáhrifum verði felld inn í skipulagslögin.

Í **október** veitti Samorka umsagnir um breytingar á **lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og lög um mengun og úrgang**, þar sem samtökin lögðu áherslu á nútíma rafræn gagnaskil og samþættingu skila gagna til stjórnvalda, ásamt því að áhersla var lögð á mikilvægt hlutverk heilbrigðisnefnda. Þá veitti Samorka einnig umsögn í mánuðinum um drög að ákvörðun Samgöngustofu um merkingu hindrana, þar sem var komið á framfæri ýmsum tæknilegum athugasemdum sem snúa að vindorkuverum.

Í lok **október** veitti Samorka umsögn sína um **tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2019-2033**. Þar vakti Samorka athygli á umsögn sinni um umhverfismat samgönguáætlunar þar sem sérstaklega var vikið að vatnsverndarsvæðum og mikilvægi þeirra. Er áréttað að eðlilegt sé að sérstaklega sé vikið að vatnsverndarhagsmunum í samgönguáætlun með það í huga að áhættumat hafi áhrif á forgangsröðun verkefna og að hönnun og frágangur við vegi taki sérstaklega mið af þessum lífsnauðsynlegu hagsmunum.

Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið lagði fram í **október** drög að breytingum á **reglugerð um raforkuviðskipti og mælingar**. Í umsögn Samorku var lögð áhersla á að einfalda þyrfti og skýra ákvæði um söluaðila raforku með það í huga að um endursölu raforku fyrir hleðslu rafbíla eigi ekki að gilda jafn ströng ákvæði og um raforkusölu og dreifingu á almennum markaði fyrir heimili og fyrirtæki. Þá var lögð áhersla á að létta af dreifiveitum skyldu til að útvega rafmagn til þeirra fyrirtækja sem ekki hafa valið sér raforkusala. Var lögð áhersla á að sú skylda ætti aðeins að gilda um heimili.

Drög að **aðgerðaáætlun Íslands í loftslagsmálum 2018-2030** komu út í september síðastliðnum og veitti Samorka sína umsögn í **nóvember**. Áður hafði Samorka unnið ítarlega með verkefnisstjórn og faghópum aðgerðaáætlunarinnar og komið á framfæri ýmsum hugmyndum. Í aðgerðaáætluninni höfðu margar þeirra náð fram að ganga, t.d. varðandi mikilvæga innviðauppbyggingu og tengdar aðgerðir. Í umsögn Samorku var aðgerðaáætluninni fagnað, en kallað eftir því að ýmsar aðgerðir yrðu nánar útfærðar og í ákveðnum tilfellum gengið lengra. Þá var komið á framfæri fleiri hugmyndum og áherslum Samorku í málinu.

Um miðjan **nóvember** veitti Samorka umsögn um **frumvarp til laga um landgræðslu** og einnig **frumvarp til laga um skóga og skógrækt**. Umsagnir Samorku um þessi mikilvægu mál voru samhljóða að því er varðar mikilvægi vatnsverndarhagsmuna og þar með að fullt tillit sé tekið til þeirra við skipulag landgræðslu og skógræktar. Ljóst er að þarna er almennt séð um gagnkvæma hagsmuni að ræða og vernd og uppgræðsla lands mjög gagnleg vatnsbúskap og grunnvatnsstöðu. Á hinn bóginn þarf að hafa í huga að áburðargjöf og umferð um land í tengslum við landgræðslu og skógarnytjar setji vatnsverndina ætíð í fyrsta sæti. Þá var lögð áhersla á það að við skipulag skógræktar sé fullt tillit tekið til lagnaleiða flutningskerfis og dreifikerfis raforku og eftir atvikum stofnleiða hitaveitu og vatnsveitulagna. Vikið var að orkunýtingarkostum almennt og fjölmörgum dæmum um að orkufyrirtæki hafa tekið þátt í landgræðslu







og skógrækt samhliða nýtingu sinni og það farið mjög vel saman. Loks var vikið að öryggismálum og brunavörnum með tilliti til skógræktar og uppbyggingar nytjaskóga.

Í **nóvember** komu fram drög að frumvarpi um **Þjóðarsjóð**. Áform um þetta frumvarp voru eins og áður segir kynnt í september og þá veitt umsögn um málið. Í umsögn Samorku var ítrekað að efnislega eru ekki gerðar athugasemdir við frumvarpið sjálft en áréttað að mikilvægt væri að tekjuhlíð sjóðsins sé sett í samhengi við heildarskattheimtu og hugmyndir um frekari skattheimtu á orku- og flutningsmannvirki. Enn er ekki lokið við lagasetningu um auðlindagjöld og ákvörðun um úthlutun auðlinda til orkuvinnslu og mikilvægt að því sé lokið en um leið minnt á að hér sé varlega stigið til jarðar. Ný gjöld og nýir skattar skapa ekki nýjar tekjur og hafa þarf í huga samkeppnisstöðu Íslands í því heildarsamhengi.

Í **nóvember** komu fram drög að **stefnu um samþykki fyrir nýtingu lands og landsréttinda í Þjóðlendum**. Í stefnu-drögunum er tekið fram að þeim sé ekki ætlað að taka til auðlindanýtingar vegna orkunýtingar eða orkuflutninga. Í umsögn Samorku er gagnrýnt að horft sé aðskilið á ólíka notkunarmöguleika innan Þjóðlenda með þeim hætti að sett séu fram ströng skilyrði og takmarkanir á landi vegna nýtingar í þágu útivistar og ferðamennsku og ætla síðan að halda því fram að það hafi ekki áhrif á aðra mögulega nýtingu. Er hér vísað til þess að stefnuþróingin feli í raun í sér igildi friðunar sem eðli málsins samkvæmt muni takmarka eða eftir atvikum útiloka alla aðra nýtingu. Er þessari framsetningu og takmörkunum því alfarið hafnað í umsögn Samorku.

Í **desember** skilaði Samorka inn umsögn um **aðgerðaáætlun umhverfis- og auðlindaráðuneytisins í plastmálefnum**. Samorka fagnaði því að verið væri að vinna að þessu mikilvæga máli. Hins vegar var það mat Samorku að ákveðnar hugmyndir væru ekki nægilega vel undirbyggðar og útfærðar og að þær þurfi að endurskoða í heild sinni, ef þær eiga að skila tilætluðum árangri. Þar var sérstaklega átt við hugmyndir um að eiga við losun örplasts að mestu leyti við útrás fráveitu. Samorka lagði áherslu á að horfa á það mál heildstætt og eiga við það með heildstæðum aðgerðum – í þeim tilgangi að ná fram raunverulegum árangri.

Samorka minnti sérstaklega á mikilvægi þess fyrir stjórnvöld að vinna tillögur sem þessar í samráði við alla helstu hagsmunaaðila sem málinu tengjast. Þeirri mikilvægu athugasemd var komið á framfæri að við gerð aðgerðaáætlunarinnar var ekkert samráð haft við Samorku, samtök fráveitna á Íslandi, þrátt fyrir að í henni felist mögulega grundvallarbreytingar á starfsumhverfi fráveitna. Samorka ítrekaði vilja sinn til að starfa með stjórnvöldum að málefnum fráveitna, í þeim tilgangi að ná fram sem mestum árangri fyrir umhverfið og samfélagið allt.

Í **desember** veitti Samorka umsögn um tillögur að breytingu á **byggingarreglugerð** er varða vindmyllur, veitumannvirki, hleðslubílastæði o.fl. Í umsögn Samorku er því fagnað að vindmyllur séu með jákvæðum hætti teknar inn í reglugerðina og minnt á þá afstöðu Samorku að það þurfi að gera alls staðar í laga- og reglugerðarumhverfinu, auk heildarstefnumótunar í málaflokknum. Sömuleiðis er mikilvægt að undanþága vegna byggingarleyfis veitumannvirkja komi inn í reglugerðina. Ákvæðum um kröfur

til innviðaupbyggingar vegna hleðslu rafbíla er sömuleiðis fagnað en á það bent að ákvæði um hleðslustæði við annað húsnæði en íbúðarhúsnæði þurfi að vera mun skýrari en reglugerðardrögin geri ráð fyrir. Óskýrar reglur bjóða upp á mismunandi túlkun og leiða til óvissu fyrir húsbýggjendur og rekstraraðila þjónustu- og verslunarhúsnæðis.

Umhverfisstofnun lagði fram **tillögu að friðlýsingu á fimm orkunýtingarkostum** sem féllu í verndarflokk í verndar- og orkunýtingaráætlun samkvæmt **þingsályktun nr. 13/141 frá 14. janúar 2013 (rammaáætlun II)** (tillaga með umsagnarfresti til 13. desember). Þá lagði stofnunin einnig fram **tillögu að friðlýsingu fjögurra annarra orkunýtingarkosta** sem sömuleiðis byggja á framangreindri þingsályktun (tillaga með umsagnarfresti til 23. janúar 2019). Við rýni á aðferðafræði við ákvörðun á mörkum friðlýstu svæðanna samkvæmt tillögunum, kemur fljótt í ljós að Umhverfisstofnun er mikill vandi á höndum þar sem umrædd þingsályktunartillaga gefur takmarkaða leiðsögn hér að lútandi. Í umsögn Samorku er vakin athygli á þessu og komist að þeirri niðurstöðu að vilji löggjafans um það hvað nákvæmlega eigi að friða liggja engan veginn ljós fyrir og því sé nauðsynlegt að taka málið fyrir að nýju hjá Alþingi. Er enda ljóst að þau mörk friðlýsingar sem lögð eru til skarast í sumum tilvikum við aðra nýtingu sem þegar er í gangi auk þess að útiloka aðra nýtingu sem er möguleg en hefur enn ekki komið til álita í verndar- og orkunýtingaráætlun.

Nefnd um **stofnun Þjóðgarðs á miðhálandinu** kynnti í **desember** drög að lýsingu á fyrstu tveimur verkefnum á verkefnalista sínum, þ.e. (a) greiningu á tækifærum með stofnun þjóðgarðs á byggðaþróun og atvinnulíf og (b)



tillögur að helstu áherslum í atvinnustefnu Þjóðgarðsins. Í umsögn Samorku er vakin athygli á því að ekki er fjallað um auðlindanýtingu vegna orkuvinnslu, né flutnings- eða dreifikerfið í tengslum við atvinnustefnuna. Skortir á þetta þrátt fyrir að öllum sé ljóst að nú þegar fer fram mikil nýting orkukosta á miðhálandinu auk þess að þar eru umfangsmikil flutnings- og dreifimannvirki raforku. Þá er minnt á að þar eru mörg tækifæri til frekari nýtingar grænna orkukosta sem skipta miklu máli fyrir framtíðarorkuöryggi landsins og efnahagsuppbyggingu. Er áréttað að verndarflokkun miðhálandisþjóðgarðs eða einstakra hluta hans þurfi að taka mið af þessum staðreyndum.

Um miðjan **janúar** veitti Samorka umsögn um **frumvarp til laga um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða**. Ljóst er að orku- og veitufyrirtæki eru meðal mikilvægustu innviða í nútímasamfélagi og veita þjónustu sína stöðugt hverja klukkustund, allan sólarhringinn allan ársins hring. Fyrirtækin leggja því mikið kapp á öryggi net- og upplýsingakerfa og fagna því að settur sé lagarammi um þær kröfur sem uppfylla þarf um áhættumat, forvarnaraðgerðir, upplýsingagjöf o.s.frv. Er fullur vilji til að eiga gott samstarf við Netöryggissveit Íslands um þessa þætti. Ánægjulegt var að sjá að verulegt tillit hafði verið tekið til athugasemda Samorku um frumvarpsdrögin sem getið er um hér að framan. Áfram leggur Samorka þó áherslu á að hægt sé að byggja með jákvæðum hætti á vottuðum gæða- og öryggiskerfum fyrirtækjanna og með því móti verði eftirlit og aðstoð eftirlitsstofnana og Netöryggisveitar markvissara og einfaldara. Þá er einnig áréttað að kafli um viðurlög og sektir sé færður til samræmis við tilskipun ESB 2016/1148 og innleiðingu hennar hjá Evrópusambandinu sem er mun vægari en gert er ráð fyrir í íslenska frumvarpinu.

Í lok **janúar** veitti Samorka umsögn um **frumvarp til laga um Þjóðarsjóð** og mætti fulltrúi Samorku einnig fyrir þingnefnd af þessu tilefni. Í umsögn okkar og umfjöllun um málið voru áréttuð þau sjónarmið sem áður eru rakin í umsögn okkar um frumvarpsdrögin. Þar er varað við of íþyngjandi sköttum og gjöldum á orku-, flutnings- og dreififyrirtækin enda skapa ný gjöld ekki nýjar tekjur og mikilvægt að huga að samkeppnishæfni landsins í viðum skilningi.

Í **febrúar 2019** sendi Samorka inn sínar **tillögur og áherslur til orkustefnuhóps stjórnvalda**. Eins og fjallað var um í kaflanum um orkustefnuhóp stjórnvalda, hefur Samorka unnið náð með stjórnvöldum að því máli, og sendi Samorka því inn ítarlegar tillögur til stjórnvalda í málinu.

## ERLENT SAMSTARF

Eurelectric eru Evrópusamtök rafiðnaðarins, en jafnframt eiga flutningsfyrirtæki með sér sérstök samtök, ENTSO-E. Aðalhlutverk Eurelectric er að móta sameiginlega stefnu raforkugeirans í Evrópu og hafa áhrif á stefnumótun ESB á því sviði. Aðild Samorku að Eurelectric er kostuð sérstaklega af fimm aðildarfyrirtækjum samtakanna – HS Orku, Landsvirkjun, Norðurorku, Orkuveitu Reykjavíkur og RARIK.

Samorka á fulltrúa í nokkrum nefndum og hópum á vegum Eurelectric. Lista yfir þá má finna á vef Samorku, <https://www.samorka.is/erlent-samstarf/>

Páll Erland, framkvæmdastjóri Samorku sótti ársfund Eurelectric dagana 4.-5. júní sem haldinn var í Ljubljana

í Slóveníu. Næsti ársfundur verður haldinn dagana 20.-21. maí 2019 í Flórens á Ítalíu.

## NORDENERGI

Raforkusamtökin á Norðurlöndum hafa með sér formlegt samstarf undir hatti Nordenergi. Aðildarsamtökin skiptast á um að reka samtökin, að Samorku undanskilinni. Framkvæmdastjóra Samorku er þó boðið að taka þátt í ársfundum og framkvæmdastjórafundum Nordenergi. Allnokkur starfsemi er á vegum Nordenergi þar sem auk ársfundar hittast framkvæmdastjórar aðildarfélaganna tvisvar til þrisvar á ári. Samorka hefur markað þá stefnu að sækja ársfundi Nordenergi en taka ekki að öðru leyti beinan þátt í starfinu nema þegar framkvæmdastjórafundir tengjast ársfundi eða stjórnarfundum Eurelectric og fulltrúi Samorku sækir umræddan fund. Ársfundur Nordenergi var haldinn dagana 13. og 14. september í Svíþjóð. Páll Erland, framkvæmdastjóri Samorku, sótti fundinn.

## NORRÆNT SAMSTARF VATNS- OG FRÁVEITNA

Samorka tekur virkan þátt í norrænu samstarfi vatns- og fráveitna. Í samstarfi við önnur samtök vatns- og fráveitna er árlega skipulögð norræn ráðstefna, þar sem þemað er vatnsveitur annað árið og fráveitur hið næsta. Þá hefur tengslanetið milli fráveitusamtakanna ítrekað nýst samtökunum og aðildarfyrirtækjunum, t.d. þegar kemur að innleiðingu Evróputilskipana í íslensk lög og reglugerðir.





## REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2018

	2018	2017
<b>TEKJUR</b>		
Árgjöld	117.227.560	112.529.701
Tekjur af þjónustu og útgáfustarfsemi	45.000	111.561
Þáttökugjöld sýnenda á vorfundum	3.574.000	7.076.250
Þáttökugjöld - Sérfundir	11.466.050	24.302.600
Vaxtatekjur og gengismunur	1.476.506	990.657
Söluhagnaður fasteignar og aðrar tekjur	212.004	1.181.562
	<b>134.001.120</b>	<b>146.192.331</b>

	2018	2017
<b>GJÖLD</b>		
Laun og launatengd gjöld	91.398.001	81.745.318
Húsnæðiskostnaður	3.897.793	4.296.094
Skrifstofukostnaður	4.841.178	5.696.976
Annar rekstrarkostnaður	12.556.093	22.848.111
Kostnaður vegna útgáfustarfsemi	303.930	229.648
Kostnaður vegna aðalfundar	5.127.494	3.500.767
Kostnaður vegna sérfundar	11.590.069	20.016.072
Erlent samstarf	1.371.158	1.326.404
Fjármagnstekjuskattur	317.874	0
	<b>131.403.590</b>	<b>139.659.390</b>

<b>REKSTRARHAGNAÐUR ÁRSINS</b>	<b>2.597.530</b>	<b>6.532.941</b>
--------------------------------	------------------	------------------

## EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2018

EIGNIR	2018	2017
<b>FASTAFJÁRMUNIR</b>		
Fasteign	41.579.371	42.464.039
Innréttingar og áhöld	840.573	1.496.558
Hlutabréf	5.250.000	5.250.000
	<b>47.669.944</b>	<b>49.210.597</b>
<b>VELTUFJÁRMUNIR</b>		
Aðrar kröfur	2.767.870	1.686.053
Fyrirframgreidd laun	1.397.990	1.291.604
Bankainnistæður	65.500.803	59.223.634
	<b>69.666.663</b>	<b>62.201.291</b>

<b>EIGNIR SAMTALS</b>	<b>117.336.607</b>	<b>111.411.888</b>
-----------------------	--------------------	--------------------

### EIGIÐ FÉ OG SKULDIR

EIGIÐ FÉ	2018	2017
Stofnframlag	12.000.000	12.000.000
Óráðstafað eigið fé	89.709.394	87.111.864
	<b>101.709.394</b>	<b>99.111.864</b>
<b>SKAMMTÍMASKULDIR</b>		
Ógreitt til SA	939.196	565.006
Ógreiddur kostnaður	3.445.595	5.717.743
Ógreitt vegna fasteignakaupa	3.233.375	3.233.375
Ógreidd launatengd gjöld	8.009.047	2.783.900
	<b>15.627.213</b>	<b>12.300.024</b>

<b>EIGIÐ FÉ OG SKULDIR SAMTALS</b>	<b>117.336.607</b>	<b>111.411.888</b>
------------------------------------	--------------------	--------------------



